



SKOÐUN Magnus Gissler og Kristín Ólafsdóttir skrifa um atvinnuleysi ungs fólks. 13



MENNING Vinnustofa um þrívíða sköpun og tækni í Gallerí Sparki. 20



LÍFID Örylgur Hnefill leitar að hressum geimfara til Húsavíkur. 24



SPORT Patrick Pedersen kom af krafti inn í Pepsi-deildina á ný. 26

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKINS

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI
LOFORD WOW
BREIÐASTA BROSID NYRRI VÉLAR

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
21. maí 2014
118. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Vill byggja 50-60 íbúðir
Fagfjárfestastjóður á vegum fjármála-fyrirtækisins Gamma vill reisa fjögur til fimm þúsund fermetra húsnæði á bílastæðinu fyrir aftan Laugaveg 77.

Tölvur fækka glæpum
Mikil fækkun hefur orðið á afbrotum ungmenna. Afbrotafraeðingur telur það vegna aukinnar tölvunotkunar barna. 4

Vill selja í Landsvirkjun
Fjármálaráðherra vill fá meðeigendur að Landsvirkjun við hlið ríkisins og nefnir líffeyrisjóðina. 8

Greiða leið urriðans
Alþingi hefur lagt fyrir ríkisstjórnina að tryggja gerð fiskvegjar milli Þingvallavatns og gömlu hrygningarstöðva stórurriðans í Efra-Sogi. 10

Prófessorar segja áfengi næst stærsta krabbameinsvaldinn

Hætta á brjóstakrabbameini eykst um tíu prósent við drykkju á einu vínglasi á dag og fimm prósent allra krabbameinstilfella má rekja til áfengis segja sænskir prófessorar. Íslendingar vilja ekki vita af skaðsemi áfengis

HEILBRIGÐISMÁL Fimm prósent allra krabbameinstilfella má rekja til áfengisneyslu. Þar með er áfengi næststærsti einstaki áhættuþátturinn fyrir krabbameini en tóbak er sá stærsti. Þetta skrifa tveir sænskir prófessorar, Peter Friberg og Peter Allebeck, í Dagens Nyheter. Vísa prófessorarnir í nýja skýrslu undirstofnunar Alþjóðaheilbrigðis-

ismálastofnunarinnar, World Cancer Report 2014. Laufey Tryggvadóttir, prófessor og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Íslands, segir að almennt vilji Íslendingar ekki vita um neikvæðar afleiðingar áfengisdrykkju. Gróflega áætlað megi rekja fimmtíu krabbameinstilfelli á ári á Íslandi til áfengisneyslu. „Ég er búin að vera að fræða fólk um krabbamein í mörg ár. Fólk hefur mikinn áhuga á því sem ég er að segja en þegar ég fer að tala um áfengi stinga flestir fingrunum í eyrun svona sálfræðilega séð. Fólk ræður auðvitað hvort það

drekkur eða ekki en það þarf að fá upplýsingar um þessi mál og vinna úr þeim,“ segir Laufey. Sænsku prófessorunum finnst undarlegt hversu lítil vitneskja Svía um skaðsemi áfengis er. Nú sé vitað að áfengi valdi bæði brjóstakrabbameini og krabbameini í endaparmi og ristli. Jafnvel til-tölulega lítil áfengisneysla auki hættuna. Til dæmis eykst hættan á brjóstakrabbameini um tíu prósent sé drukkið eitt glas af léttvíni á dag að staðaldri, skrifa prófessorarnir. Jafnframt að þótt sumt bendi til að hófleg drykkja geti

136.000
krabbameinstilfelli tengd áfengisneyslu greinast árlega í Evrópusambandsríkjunum.

haft jákvæð áhrif í tengslum við hjarta- og æðasjúkdóma sýni rannsóknir að í heild sé skaðinn umtalsvert meiri en gagnsemin. Prófessorarnir vilja að áfengisauglýsingar verði bannaðar og skattar á áfengi hækkaðir. -ibs / sjá síðu 6



Bolungarvík 6° NA 5
Akureyri 7° NA 5
Egilsstaðir 8° A 3
Kirkjubæjarkl. 9° NA 3
Reykjavík 10° NA 5

VÍÐA BJART Í dag verða norðaustan 3-8 m/s og bjartviðri en dálftil væta með köflum syðra. Hiti á bilinu 5-13 stig. mildast SV-til. 4

2 SÉRBLÖÐ
Markaðurinn | Fólk

FÓLK
MARKAÐURINN



ERLENT KJÖT „Vegna skorts á innlendu kjöti höfum við þurft að panta erlent nautakjöt,“ segir Bjarni Friðrik Jóhannesson, rekstrarstjóri Nóatúns, sem annars auglýsir að aðeins sé boðið upp á íslenskt kjöt í kjötbörði. Jón Vilberg Jónsson, starfsmaður Nóatúns í Nóatúni í Reykjavík, sést hér munda danskan nautavöðva. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grunnskólakennarar semja:
Nemendur eiga að mæta í dag

KJARAMÁL Grunnskólakennarar og Samtök sveitarfélaga náðu lendingu í kjara-deildu sinni á tíunda tímanum í gærkvöldi. Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, er að vonum ánægður með samninginn sem náðist. „Við hefðum ekki skrifað undir nema við teldum að það væri komin ásættanleg niðurstaða fyrir okkur.“ Trúnaðarmönnum kennara verður gerð grein fyrir samningnum í dag og þeir kynna hann í kjölfarið fyrir sínu fólk. Búist er við að kennarar greiði atkvæði um samninginn fyrir lok maí. -ssb / sjá síðu 2

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

SVP krefjast þess að tollar á nautakjöti verði afnumdir vegna sífellds skorts: Skortur hækkar verð á nautakjöti

VÍÐSKIPTI Skortur á nautakjöti hefur valdið því að verð á nautakjöti frá sláturleyfishafa til bænda nú í maí hefur í einhverjum tilfellum hækkad um meira en fimmtung frá í ágúst í fyrra. Skorturinn hefur orðið til þess að verslanir Nóatúns, sem gefa sig út fyrir að bjóða aðeins upp á íslenskt nautakjöt í kjötbörði, hafa þurft

að kaupa nautakjöt frá Danmörku og Nýja-Sjálandi. Samtök verslunar og þjónustu hafa lagt inn beiðni til ráðgjafarnefndar um inn- og útfletning landbúnaðarvara í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu um að tollar á nautakjöti verði felldir niður að fullu í ljósi viðvarandi skorts á nautgripakjöti. -óka / sjá Markaðinn

“Þetta er raunveruleikinn sem við búum við. Vegna skorts á innlendu kjöti höfum við þurft að panta erlent nautakjöt. Bjarni Friðrik Jóhannesson, rekstrarstjóri Nóatúns.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

Parftu að pissa oft á nóttunni?

20% afsláttur

PRO-STAMINUS

FIMMFALT *punkta.* **PARTÍ** í dag

Komdu í partí!

Punkturpartí í dag, miðvikudaginn 21. maí, á þjónustustöðvum N1 um allt land. Fimmfaldir punktar með hverjum bensín- og dísellíttra.

Einstök partítilboð á punktaprís á völdum þjónustustöðvum:



Coke 0,5 l dós
149 punktar



Áklæðahreinsir
400 ml
999 punktar



Lindu smábúff
369 punktar



Lion Bar Peanut
149 punktar



Kleinhúringur
179 punktar

N1 kortið er boðskortið þitt í partíð.

N1 korthafar halda afsláttarkörum sínum en að auki fimmfaldest punktarinir með hverjum líttra af bensíni og dísel.

Punktur er punkts gaman!

Komdu í partí



SVONA ERUM VIÐ



16.308 tonn af bókom, tímaritum og blöðum hafa verið flutt hingað til lands frá og með árinu 2000.

Mest á undanförunum árum, eða vel yfir þúsund tonn hvert ár.

Reykjavíkurborg hefur keypt sex umhverfisvæna bíla fyrir starfsmenn sína:

Góð reynsla af rafmagnsbílum

SAMGÖNGUR Reykjavíkurborg hefur á tveimur árum keypt sex rafmagnsbíla. Fjórir eru til afnota í Borgartúni en tveir í ráðhúsinu.

„Þetta er tilraun en hvort hún heldur áfram veit ég ekki. En þetta hefur gefist mjög vel og það hefur verið góð nýting á bílunum,“ segir Ólafur I. Halldórsson hjá skrifstofu eigna-

og atvinnuþróunar sem keypti bílana.

Borgarfulltrúum er ekki heimilt að nota bíla í eigu Reykjavíkurborgar og hafa þeir því ekki aðgang að bílunum. Formaður borgarráðs, borgarstjóri og forseti borgarstjórnar hafa hins vegar aðgang að borgarstjórabílunum og bílstjórum en geta einnig notað rafmagnsbíl í staðinn.

Rafmagnsbíla er að kaupa aðallega raf- og metanbíla í öllum útboðum á þessu kjörtímabili. -fb



RAFMANGSBÍLL Ólafur I. Halldórsson í einum af rafmagnsbílunum sem Reykjavíkurborg hefur keypt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sveitarstjórnarkosningar: Listar auglýstir án listabókstafa

SEYÐISFJÖRÐUR Yfirkjörstjórn á Seyðisfirði hefur auglýst þrjú framboð gild í sveitarstjórnarkosningunum aðra helgi.

Framboðin eru Framsóknarflokkur, Seyðisfjarðarlistinn og Sjálfstæðisflokkur.

Athygli vekur að í auglýsingu yfirkjörstjórnar á Seyðisfirði er aðeins Framsóknarflokkurinn auglýstur með listabókstaf, hin tvö eingöngu með nafni þeirra. Erfitt getur orðið að kjósa utan- kjörfundar af þessum sökum. -sa



OPNUN Guðmundur B. Jóhannesson, starfsmaður mánaðarins hjá Skeljungu, opnar nýja hraðhleðslustöð.

Ný hraðhleðslustöð opnuð:

Um hundrað rafbílar í gangi

SAMGÖNGUR Fimmta hraðhleðslustöðin af tíu hefur verið opnuð á Miklubraut í samstarfi við Skeljung.

Sala á rafbílum hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Um hundrað rafbílar eru í umferð á Íslandi fyrir utan tvinnbílana sem ganga fyrir bæði bensíni og rafmagni.

Starfsmaður mánaðarins hjá Skeljungu opnaði nýju stöðina en sá starfsmaður hverju sinni fær afnot af rafbíl fyrirtækisins í einn mánuð. Það er hugsað sem umbun fyrir góða frammistöðu í starfi og kynning á grænum valkostum til samgangna. -ebg

Eignarnám á Laugavegi:

Lóðarhafi fær tíu milljónir króna

SKIPULAGSMÁL Úrskurðað hefur verið að Reykjavíkurborg þurfi að greiða Herði Jónssyni, eiganda lóðar við Laugaveg 87, 10,5 milljónir króna í eignarnámsbætur.

Hörður kvartaði yfir akandi umferð á rúnum 42 fermetrum af lóð sinni, sem er 319 fermetrar, og taldi tjón sitt hlaupa á tugum milljóna króna. Matsnefnd eignarnámsbóta komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á Herði og dæmdi Reykjavíkurborg til að greiða honum 10,5 milljónir, auk 1,2 milljóna króna vegna kostnaðar við rekstur málsins. Borginni var einnig gert að greiða eina milljón króna í ríkissjóð vegna kostnaðar matsnefndarinnar vegna málsins. -fb

Tölvuleikir draga úr glæpum unglunga

Mikil fækkun hefur orðið í afbrotum ungmenna á landinu öllu og á Norðurlöndum. Afbrotufræðingur telur að rekja megi fækkunina til aukinnar tölvunotkunar barna. Drengir hafa dregið meira úr sínum afbrotum en stúlkur á sama aldri.

FÉLAGSMÁL Afbrotum ungmenna á aldrinum ellefu til sautján ára hefur fækkað gríðarlega á síðastliðnum sjö árum. Þetta kom fram á ársþingi norrænna afbrotufræðinga í Danmörku fyrir í þessum mánuði, en sömu þróun má sjá á öðrum Norðurlöndum.

Á höfuðborgarsvæðinu einu saman hefur afbrotum ungmenna fækkað um 55 prósent frá árinu 2007. Þetta er öflug þróun við fyrri hugmyndir fræðinga um að afbrotum fjölgi í efnahagsþrengingum.

Helgi Gunnlaugsson, afbrotufræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir að rekja megi fækkun brotanna til lífsstílsbreytinga hjá ungu fólki. „Í dag eru börn einfaldlega meira heima hjá sér. Stór hluti samskipta þeirra fer fram í gegnum tölvur og svo virðist sem internetið og tölvuleikir veiti þeim þá útrás sem þau þurfa.“

Helgi segir að jafnframt haldist fækkun afbrota í hendur við minnkandi neyslu áfengis og vímuefna hjá unglingum. „Unglingar eru ekki lengur í þessu sjoppuhangi. Þau eru í skipulögðu starfi allan daginn og upptekin við bæði skóla og félagslíf. Svo eru færri börn á hvern fullorðinn einstakling sem skýrir hvernig okkur fullorðna fólkinu tekst að fylgjast betur með ungmenninum okkar.“

Fækkun afbrota birtist helst hjá drengjum þrátt fyrir að fækkun hafi átt sér stað hjá báðum kynjum. „Einu sinni var það þannig að stelpur brutu einu sinni af sér á móti hverjum fjórum brotum stráka. Nú eru brot stráka tvö á móti hverju einu broti stelpna. Þeir eru enn helmingi líklegri til að brjóta af



UNGLINGAR NÚ TIL DAGS Drekkja minna, reykja minna, dópa minna og hafa minnkað afbrotin svo um munar. Framtíðin er björt að mati Helga Gunnlaugssonar. NORDICPHOTOS/GETTY


sér en það hefur augljóslega dregið saman með kynjunum,“ segir Helgi.

Að sögn Helga hófst fækkun brota ungmenna í Bandaríkjunum árið 1996. Þá var hún oft tengd harðri refsistefnu sem rekin er þar í landi. Fækkun í brotum í öðrum Evrópulöndum, sérstaklega á Norðurlöndunum, afsannar þá kenningu.

Helgi segir tölurnar koma mjög á óvart. „Þegar við sáum þessa fækkun fyrstu tvö árin gerðum við ekki mikið úr tölunum. Það hafa áður komið sveiflur í afbrotum ungmenna sem svo hafa jafnað sig. En þegar við erum að horfa upp á áberandi minnkun í sjö ár samfleytt verðum við að viðurkenna að það er eitthvað mikið að gerast. Tölurnar gefa tilefni til bjartsýni.“

snaeros@frettabladid.is

Fækkun í afbrotum ungmenna á höfuðborgarsvæðinu



HRÝÐJUVERK Konur voru í meirihluta fórnarlamba árásanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengjuárás í Nígeríu:

46 látnir og tugir særðir

NÍGERÍA Að minnsta kosti 46 eru látnir og tugir særðir eftir tvær sprengjuárásir í borginni Jos í Nígeríu. BBC greinir frá.

Önnur sprengingin varð á fjölförnum markaði en hin nálægt spítala. Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á ódæðinu.

Deilur hafa staðið yfir milli kristinna og múslíma á svæðinu undanfarin ár.

Hryðjuverkasamtökin Boko Haram liggja undir grun. Samtökin hafa borið ábyrgð á fjölda sprengjuárása á svæðinu á undanförunum mánuðum. -ih

Sjálfstæðismenn í borginni: Veiti áfram lán til lóðakaupa

REYKJAVÍKURBORG Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að aftur verði tekið upp það fyrirkomulag að borgin láni einstaklingum allt að 90 prósent af söluvirði byggingarréttar á lóðum. Lánin verði til átta ára. Þá verði sjö prósentastaðgreiðsluafsláttur tekinn upp að nýju.

„Í stað þess að rýmka reglur og auðvelda húsbýggjendum að ráðast í framkvæmdir eru reglurnar þrengdar og dregið úr þjónustu,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi, sem talaði fyrir tillögu sjálfstæðismanna á borgarstjórnarfundum í gær. -gar

Advertisement for Smámál chocolate, featuring a box of chocolates and a bowl of soup. Text: Tvöföld ánægja. Nú koma smámálin tuö í pakka.

Weather forecast section with a map of Iceland showing temperatures and wind speeds across different regions. Includes a table of international weather forecasts and a photo of Elísabet Margeisdóttir.



Nýsköpun námsmanna Háskóla Íslands – lausnir í verkfræði og tölvunarfræði

Meistaradagur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, fimmtudaginn 22. maí 2014, kl. 12.00–17.00 í VR-II

Í verkfræði og tölvunarfræði innan Háskóla Íslands er markmiðið að flétta nýsköpun saman við framhaldsnámið. Á meistaradeginum verða kynnt verkefni meistaránema sem iðulega eru þátttakendur í nýsköpunarverkefnum innan öflugra fyrirtækja. Nemendur háskólans leggja þannig mikið til vöru- og samfélagsþróunar á Íslandi. Komdu og kynntu þér uppsprettu nýsköpunar og hátæknilausna í verkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands.

Dagskrá sameiginlegs fundar í stofu 158, VR-II:

- | | |
|--------------------|---|
| 12.00 | Setning
Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor og formaður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands |
| 12.05–12.20 | „Örlög brennisteinsvetnis frá Nesjavalla- og Hellisheiðarvirkjun“
Snjólaug Ólafsdóttir, umhverfisverkfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur |
| 12.25–12.40 | „Brennisteinsvetninu skilað“
Bjarni Már Júlíusson, forstöðumaður tækniþróunar hjá Orku náttúrunnar |
| 12.45–13.00 | „Brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum nýtt til framleiðslu á lífefnum“
Sigurður Brynjólfsson, prófessor við Háskóla Íslands |
| 13.15–17.00 | Meistarafyrirlestrar, veggspjöld og veitingar |

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Nánari upplýsingar á www.von.hi.is/meistaradagur



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN

www.hi.is



FRÆÐSLUFUNDUR UM AÐGERÐIR TIL LÆKKUNAR HÚSNÆÐISLÁNA OG VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAD

Á morgun, fimmtudaginn 22. maí kl. 17.30

Á fræðslufundinum verður farið yfir aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna höfuðstóls-
lækkunar húsnæðislána. Auk þess verða kostir viðbótarlífeyrissparnaðar kynntir.

Aðgerðirnar skiptast í þrennt:

- ▶ Niðurfærsla ríkisins á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána
- ▶ Skattfrjálsa greiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána
- ▶ Skattfrjálsa greiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar upp í útborgun á íbúð

Fyrirlesari er Snædís Ögn Flosadóttir, sérfræðingur á eignastýringarsviði, og mun hún
svara fyrirspurnum ásamt Sigurði Kristjánssyni, sérfræðingi á viðskiptabankasviði.

Fundurinn verður haldinn í Arion banka, Borgartúni 19 og stendur yfir í rúmlega
klukkustund. Kaffiveitingar í boði.

Allir velkomnir.

Næstu fundir

Selfossi 27. maí
Borgarnesi 3. júní
Akureyri 4. júní

Lögreglan leit í ýmis horn: Skemmdarverk og slagsmál

LÖGREGLUMÁL Maður sem reyndi að stela úr verslun í austurbæ Reykjavíkur í gær og komst undan afgreiðslumanni, sem hljóp á eftir honum, var á endanum handsamaður af lögreglumönnum sem sáu eltingarleikinn. Einnig voru tveir menn sem voru að slást á Laugaveginum handteknir á staðnum og færðir á lögreglustöð. Það sama gildir um mann undir áhrifum lyfja sem sparkaði í bíla á Eiðistorgi. -gar



FLÓÐ Stór landsvæði eru undir vatni á Balkanskaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjármunir til Balkanskaga: Þrjár milljónir í neyðaraðstoð

HJÁLPARSTARF Utanríkisráðherra hefur veitt þrjár milljónir króna í neyðaraðstoð til Serbíu og Bosníu og Hersegóvínu. Er það til að bregðast við neyðarástandi vegna flóðanna þar.

Um 40 prósent lands í Bosníu og Hersegóvínu er undir vatni en um 15 prósent í Serbíu. Tugir hafa farist og yfir hundrað þúsund hafa hrakist af heimilum sínum. -fb

Samþykkt í borgarstjórn:

Ný stefna um fjölmenningu

MENNTUN Ný stefna um fjölmenningslegu skóla- og frístundastarf í skólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar var samþykkt í borgarstjórn í gær og stóðu allir flokkar einhuga að henni.

Meginstöðir stefnunnar eru þrjár: Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir, íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi og foreldrasamstarf. Leiðarljósið er að í fjölmenningslegu skóla- og frístundastarfi nái öll börn árangri í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og fái tækifæri til að vera stolt af uppruna sínum og menningu. -fb

Icelandair hefur að meðaltali þurft að aflýsa fimm flugferðum á dag vegna aðgerða flugmanna: Hver klukkustund telur í viðræðunum

FERÐAÞJÓNUSTA Icelandair hefur þurft að aflýsa að meðaltali fimm flugferðum á dag vegna þess að flugmenn fást ekki til að vinna yfirvinnu. Í gær var flugferðum til Pétursborgar, Seattle og Vancouver aflýst.

Eins og gefur að skilja er mikil gremja á meðal farþega Icelandair vegna þessa. „Það sem gerir þetta svona slæmt er að það er aldrei vitað með nógu miklum fyrirvara hvaða flug það er sem dettur út og þess vegna er ekki hægt að gera

ráðstafanir af viti fyrir farþega,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. „Það blasir við að ef flugið þitt er fellt niður með skömmum fyrirvara eru það engin gleðitíðindi. Þetta er mjög erfitt ástand fyrir alla og geysilegt álag á starfsfólkið sem er að vinna bæði á flugvöllum og í þjónustuverinu hjá okkur.“

Ferðaþjónustuaðilar finna verulega fyrir ástandinu og að sögn Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunn-

ar, hefur þetta ofboðslega neikvæð áhrif á orðspor og ímynd ferðaþjónustunnar. „Þetta er að skila sér í enn meiri mæli til fjölmiðla erlendis og í umræðuna þar,“ segir hún. „Það verður að tryggja öruggar samgöngur til og frá landinu. Það er grunnforsenda til að reka ferðaþjónustu á Íslandi, sem er stærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein landsins. Ábyrgð samningaáðila er mjög mikil og við væntum þess að menn nái saman sem allra fyrst því hver klukkustund telur.“ -fb



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON Upplýsingafulltrúi Icelandair segir ástandið mjög erfitt fyrir alla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjármálaráðherra stefnir á sölu á hlut í Landsvirkjun

Bjarni Benediktsson vill fá meðeigendur að Landsvirkjun við hlið ríkisins og nefnir lífeyrissjóðina. Forstjóri fyrirtækisins vill sátt um frekari orkuvinnslu með því að losa Rammaáætlun undan pólitískum átökum.

ORKUMÁL Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á málgaði sölu á hlut í Landsvirkjun á ársfundi fyrirtækisins í gær, og nefndi sérstaklega lífeyrissjóði í því sambandi sem kaupendur. Forstjóri Landsvirkjunar segir Rammaáætlun komna út af sporinu.

Bjarni, sem í upphafi fundar flutti ávarp, staðnæmdist í ræðu sinni við erfitt rekstrarumhverfi sem Landsvirkjun, sem og önnur íslensk fyrirtæki, hafa þurft að glíma við á undanförunum árum. Nefndi hann taprekstur vegna lækkandi álverðs og að mikilvægt væri til framtíðar og eftirsóknarvert að þjónusta enn fjölbreyttari starfsemi og dreifa með því áhættunni í rekstrinum. Í því samhengi sagði hann að Landsvirkjun byggði að því að eiga ríkissjóð sem bakhjarl, en bætti við: „Það er samt sem áður svo að það er mikilvægt að Landsvirkjun standi til boða alþjóðlega samkeppnishæf kjör án ríkisábyrgðar – og að lokum hljótum við að stefna að því að afnema ríkisábyrgðina. Hugsanlegt er að liður í að hraða því ferli væri að fá meðeigendur að félaginu. Í því sambandi mætti hugsa sér að Landsvirkjun gæti verið ákjósanleg eign fyrir lífeyrissjóði til lengri tíma í dreifðu eignasafni.“ Hördur Arnarsson forstjóri fór



„Í því sambandi mætti hugsa sér að Landsvirkjun gæti verið ákjósanleg eign fyrir lífeyrissjóði til lengri tíma í dreifðu eignasafni.“

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra

yfir stefnu fyrirtækisins og sagði að eftirspurn eftir íslenskri raforku væri mikil og ætti eftir að aukast enn frekar. Hann nefndi sæstreng sem mikið hefur verið í umræðunni og telur hann áhuga-verða viðbót við frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Hann telur að sæstrengur verði örugglega lagður í framtíðinni, en það megi aldrei gera nema tryggj sé að arðurinn renni til almennings á Íslandi.

Hördur staðnæmdist í sinni ræðu sérstaklega við hvernig ná mætti aukinni sátt um frekari orkuvinnslu. Hann hnykkti á því að ákvarðanir um virkjanir væru á forræði stjórnvalda, ekki Landsvirkjunar. Til þessa hefðu stjórnvöld ágætt verkfæri til



FORSTJÓRINN Sagði umræðu og breiða sátt um sæstreng lykilatriði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landsvirkjun skuldar 327 milljarða

Landsvirkjun var rekin með tapi á besta rekstrarári fyrirtækisins frá upphafi í fyrra, sem má rekja til lækkandi álverðs á heimsmarkaði. Skuldir fyrirtækisins námu um síðustu áramót rétt rúmum 2,9 milljörðum dala, jafnvirði tæpra 327 milljarða íslenskra króna. Lækkun skulda er forgangsverkefni fyrirtækisins, að sögn stjórnarformannsins, Jónasar Þórs Guðmundssonar.

Ákvörðunartöku sem er Rammaáætlun, en umræðan hafi lent út af sporinu á undanförunum miss-erum og um áætlunina verði að vera breiðari sátt.

„Það er afar mikilvægt að

stjórnvaldaflokkar leiti leiða til að sameinast um þessar ákvarðanir, og þær verði ekki flokkspólitískar eins og svo oft hefur verið,“ sagði Hördur.

svavar@frettabladid.is

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: Samtítt handföng, sólpak, þokuljós, listar á hurðum, króm á speglum.

Volkswagen Take up! kostar

1.990.000 kr.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Volkswagen up!

Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílblaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.




Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

FÁÐU ÞÉR SÆTI

Esencia stóllinn frá Kinnarps



ÍSLENSKA / SÍA PEN 69175 05.14



Kinnarps

Stóllinn sem allir geta setið í á sinn hátt. Stóllinn er nefnilega hægt að stilla eins og þér þykir best, þökk sé hugviti og hönnun sem einkennist af innsæi.

- Hæðarstilling
- Dýptarstilling setu
- Bólstruð seta og netbak
- Mjöhryggsstuðningur
- Samhæfð stilling setu og baks sem fylgir hreyfingum notandans
- Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd sem er sjálfvirk að hluta
- Stóllinn er ýmist með eða án arma sem eru fjölstillanlegir
- Hjólin eru ýmist mjúk eða hörð
- 5 ára ábyrgð

Verð 119.900,-

Kynningarverð 89.900,-

Afsláttur 30.000,-

Sama hvernig þú situr þá er Esencia sveigjanlegur og þú situr þægilega við hvaða borð sem er. **Fáðu þér sæti á 30 þúsund króna afslætti.**



AKUREYRI Skólanefnd tók ekki undir með deildarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ósáttur leikskólakennari:

Börn kennara fá ekki pláss

SKÓLAMÁL Deildarstjóri í leikskólanum Naustatjörnu á Akureyri gagnrýnir þá reglu að börn starfsmanna fá ekki pláss í leikskólanum og óskaði eftir því að skólanefnd bæjarins fjallaði um réttmæti þeirrar reglu. „Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við þá reglu sem hér um ræðir enda hefur verið sýnt fram á að hún brýtur ekki í bága við lög og almennar reglur um starfsmannamál,“ bókaði skólanefndin eftir að fundað hafði verið með deildarstjóranum til að leita lausna.

-gar

HJÁLPARSTARF

Opna Klett í Hafnarfirði

Vígsluhátíð nýs húss Björgunarsveitar Hafnarfjarðar var haldin um síðustu helgi. Húsið er að Hvaleyrarbraut 32 í Hafnarfirði og hefur hlotið heitið Klettur. Auk björgunarsveitarinnar eru slysavarnadeildin Hraunprýði og unglíngadeildin Björgúlfur með aðstöðu í húsinu. Velunnurum björgunarsveitarinnar var boðið í vígsluna, sem og öllum bæjarbúum, og var mætingin góð.

Fiskvegur skal gerður fyrir urriðann í Þingvallavatni

Alþingi hefur lagt fyrir ríkisstjórnina að tryggja gerð fiskvegar milli Þingvallavatns og gömlu hrygningarstöðva stórurriðans í Efra-Sogi. Össur Skarphéðinsson segir áfangann stórsigur í baráttunni fyrir endurreisn stofnsins.

UMHVERFISMÁL Eitt af síðustu verkum Alþingis fyrir sumarhlé var að samþykkja þingsályktunartillögu um að stjórnvöld tryggji gerð fiskvegar úr Þingvallavatni í Efra-Sog til að opna einstökum urriðastofni vatnsins leið. Samhliða verði ráðist í endurbætur á fornum hrygningarstöðvum urriðans í efri hluta árinna, og fyrir mynni hennar, til að stuðla að farsælli endurheimt stofnsins, fyrirskipar Alþingi.

„Þetta er auðvitað stórkostlegur árangur fyrir okkur sem höfum í tvo áratugi barist fyrir því að opna fyrir urriðann niður úr Þingvallavatni á sín gömlu óðul í Efra-Sogi. Í dag rennur sem svarar einum Ellidaám undir botnlokum í stíflunni. Það ætti að vera nóg til að koma aftur upp þökkalegum hrygningarstofni í Efra-Sogi, en þar voru áður mikilvægustu hrygningarstöðvarnar fyrir ísaldarurriðann, sem er einstakur á heimsvísu,“ segir Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sem flutti tillöguna.

Össur hefur flutt fjöldamörg þingmál um endurreisn urriðans, og skrifaði 1996 bókina Urriðadans.

„Það var eiginlega löng minningargrein um ísaldarurriðann því hann er beinlínis kvaddur í bókinni. Þá héldum við að hann væri endanlega að hrapa fyrir ætternisstapa. Landsvirkjun má hins vegar eiga



„Ef ráðist verður í allt þetta, ásamt fiskvegi í Efra-Sog, þá er ísaldarurriðinn endanlega heimtur úr helju.“

Össur Skarphéðinsson, alþingismaður

það, að hún hefur svarað þrýstingi unnenda urriðans með margvíslegum hætti, og sleppingar um 1990 björguðu honum líklega frá endanlegum dauða í vatninu,“ segir Össur.

Næsta skref, að mati Össurar, er að þrýsta á að Landsvirkjun standi við fyrri yfirlýsingar, og nú samþykkt Alþingis. Þá þurfi að bæta riðstöðvarnar með því að bera hrygningarmöl í efri hluta Efra-Sogs og jafnvel bæta riðstöðvar í Óxará.

„Sömuleiðis þarf að setja reglur sem koma í veg fyrir ofstopaveiði á urriða á stöng. Það þyrfti að láta gilda um allt vatnið sömu reglur og gilda núna fyrir þjóðgarðslandið. Ef ráðist verður í allt þetta, ásamt fiskvegi í Efra-Sog, þá er ísaldarurriðinn endanlega heimtur úr helju. Það stappar eiginlega kraftaverki næst miðað við hversu hætt hann var kominn upp úr 1990 þegar við fórum að slást fyrir honum,“ segir Össur.

svavar@frettabladid.is



VIÐ ÞINGVALLAVATN Þessum urriða var sleppt eftir langan bardaga en hann er gott dæmi um glæsileika tegundarinnar. MYND/HINRIK

Vísir að hrygningu þegar til staðar

- Ekkert vatn rann um náttúrulegt frárennsli Þingvallavatns um áratugaskeið eftir að Steingrímsstöð við Efra-Sog var byggð á árunum 1958–60. Efra-Sog er náttúrulegt útfall Þingvallavatns til Úlfjótuvatns.
- Á árunum 1994–1996 var unnið að endurnýjun véla Steingrímsstöðvar. Á meðan á því verki stóð þurfti að veita vatni um árlokur niður farveg Efra-Sogs. Eftir að því verki lauk var ákveðið að halda nokkru vatnsrennsli áfram í árfarveginum og hefur það viðhaldist síðan.
- Líklegt er talið að núverandi rennsli um farveginn nemi um 3–5 prósentum af náttúrulegu rennsli um Efra-Sog.
- Frá árinu 2006 hafa fundist urriðaseiði í uppeldi í Efra-Sogi. Árin 2007 til 2010 merktu Laxfiskar ehf. 48 urriða á riðunum á Efra-Sogi sem voru á bilinu 57 til 91 sentimetra langir og 2,3 til 9,0 kíló að þyngd. Gróft mat samhliða merkingum 2007–2010 sýndi að mesti fjöldi hrygningarfiska á riðunum í Efra-Sogi þessi ár var nálægt fjórir tugir fiska árið 2008. Áður hafði lítið fundist við athugun 2006.

BAMBO
Nature

PPARKTIVA • SA • 133146



Bambo Nature

Umhverfissvænar og ofnæmisprófaðar bleiur

Bambo Nature bleiurnar eru einstaklega mjúkar og þægilegar. Þær eru afar rakadrægar og ofnæmisprófaðar auk þess sem gott snið og teygjur í hliðum gera það að verkum að þær passa barninu fullkomlega.

Bambo Nature - er annt um barnið þitt.

FK
FJARDARKAUP

REKSTRARLAND

Sölustaðir Bambo Nature

Gunnar í Krossinum segir konurnar ljúga

Sjö konur báru vitni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær um að Gunnar hefði á einn eða annan hátt beitt þær kynferðislegu ofbeldi. Um er að ræða meiðyrðamál sem Gunnar höfðaði sjálfur. Hann segist trúa því að sannleikurinn komi í ljós.

DÓMSMÁL „Ég horfi ekki á að það sé hægt að tapa þessu, ég stend sannleikans megin og segi satt og rétt frá,“ segir Gunnar Þorsteinson, fyrrverandi forstöðumaður Krossins.

Aðalmeðferð fór fram í gær í meiðyrðamáli Gunnars gegn vefritinu Pressunni og nokkrum konum sem bera hann þungum sökum um kynferðisofbeldi. Gunnar segir um ófrægingarherferð gegn sér sé að ræða.

„Ég fann mig knúinn til að kalla þessar konur fyrir dóm vegna linnulauss eineltis og ofsókna og ósanninda. Ég knúði þetta í dagsljósið. Ég vil fá þetta upp á yfirborðið og geta barist við þetta.“

Gunnar segir um „safnaðarpólitík“ að ræða. Jafnframt hafi eiginkona hans, Jónína Benediktssdóttir, gefið út bók árið 2010 sem hafi strokið eigendum Pressunnar öfugt. „Þeir sem þar urðu fyrir skurðum ráða þessum miðli sem stóð harðast í þeirri orrahríð að veða að okkur,“ segir Gunnar.

Sjö konur báru vitni fyrir Hér-



GUNNAR FYRIR DÓMI Aðalmeðferð í málinu stóð yfir í allan gærdeg en fleiri vitni verða leidd fyrir dóminn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

aðsdómi Reykjavíkur í gær. Valdís Rán Samúelsdóttir sagði að andlegt og líkamlegt ofbeldi Gunnars hafi leitt hana í súludans, lauslæti og eiturfjaneyslu.

Valdís sagði Gunnar hafa beitt hana ofbeldi er hún var fimmtán ára. Hann hafi strokið yfir brjóst hennar og farið með hönd ofan í buxur hennar. Í kjölfarið hafi hún verið kölluð hóra og niðurlægð vegna útlits síns í Krossin-

um. Fimm árum síðar, þegar Valdís var tvítug, á Gunnar svo að hafa sagt að hún væri svo falleg að henni yrði nauðgað ef hún færi til Suður-Ameríku sem trúboði.

Ólöf Dóra Bartels Jónsdóttir sagði Gunnar hafa strokið brjóst hennar og farið með fingur upp í kynfæri hennar. Þá hafi hún verið óspjölluoð.

Málið heldur áfram í dag.

snaeros@frettabladid.is

OPINN FUNDUR - ALLIR VELKOMNIR

ÖRYGGI OG TRYGGINGAR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Opinn fundur Sjóvar og Ferðamálastofu fyrir hagsmunaaðila og fyrirtæki í ferðaþjónustu í höfuðstöðvum Sjóvar í Kringlunni 5 fimmtudaginn 22. maí kl. 8-10.

Ferðaþjónustufyrirtæki þurfa að huga vel að tryggingum og öryggismálum svo allt gangi vel við móttöku gesta með ábyrgum hætti.

Á fundinum munu Fjóra Guðjónsdóttir, forstöðumaður forvarna hjá Sjóvá, og Pála Þórisdóttir, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Sjóvar fjalla um öryggismál ferðaþjónustufyrirtækja og fræða um hvaða tryggingum fyrirtæki í greininni þurfa að huga að. Þá mun Áslaug Briem, verkefnastjóri gæðamála hjá Ferðamálastofu, fjalla um VAKANN sem leið til að auka forvarnir og öryggi ferðaþjónustufyrirtækja.

Skráning á sjova.is

FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD



AF ÞVÍ LÍFIÐ ER FERÐALAG

SJÓVÁ

NÝLEGIR OG LÍTIÐ EKNIR GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ **80%** LÁNAMÖGULEIKAR



HYUNDAI SANTA FE III STYLE
Nýskr. 03/14, ekinn 1 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 142092

Frábært verð
7.790 þús.



VW TIGUAN TRACK & SPORT
Nýskr. 11/12, ekinn 27 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.390 þús.
Rnr. 281685.



SUZUKI SPLASH GLS
Nýskr. 01/12, ekinn 70 þús. km.
bensín, beinskíptur.
VERÐ kr. 1.550 þús.
Rnr. 281688.



RENAULT MEGANE SPORT TOUR
Nýskr. 05/13, ekinn 34 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr. 191409



PEUGEOT 206 ACTIVE
Nýskr. 12/11, ekinn 31 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 1.940 þús.
Rnr. 281481.



NISSAN QASHQAI 2 SE - 7 sæta
Nýskr. 04/12, ekinn 52 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr. 281682.



MAZDA CX-5 VISION
Nýskr. 04/13, ekinn 18 þús. km.
bensín, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 5.190 þús.
Rnr. 281699.

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Leiðir til að lækka íbúðalán og spara fyrir íbúðakaupum


Landsbankinn býður nú leiðir sem hvetja til eignauppbyggingar og betri skuldastöðu samhliða úrræðum stjórnvalda, sem gefa fólki kost á að nýta viðbótarlífeyrissparnað til að spara fyrir húsnæði og lækka íbúðalán. Ávinningurinn af traustri fjárhagsstöðu er gagnkvæmur og ótvíræður; fyrir viðskiptavini og samfélagið allt.



🏠 Sparaðu fyrir íbúð með viðbótarlífeyrissparnaði og reglubundnum sparnaði


Margfaldaðu framlagið þitt

Með séreignarsparnaðarúrræðinu nýturðu mótframlags frá vinnuveitanda og greiðir engan skatt.




Brúaðu bilið

Ef þú greiðir líka í reglubundinn sparnað færstu nær markinu og færð góð kjör.



Lykill að þinni fasteign

Útborgun er mikilvægur grunnur að húsnæðiseign. Landsbankinn lánar svo allt að 85% af kaupverði.



🏠 Lækkaðu íbúðalánið með viðbótarlífeyrissparnaði og reglulegum greiðslum


Margfaldaðu framlagið þitt

Með séreignarsparnaðarúrræðinu nýturðu mótframlags frá vinnuveitanda og greiðir engan skatt.



Lækkaðu lánin meira

Ef þú nýtir lækkandi greiðslubyrði til að greiða meira inn á íbúðalánið myndarðu margföldunaráhrif og lækkar lánið enn hraðar.



Betri staða til framtíðar

Þannig eignast þú meira, greiðir lánin niður hraðar og lækkar greiðslubyrði, vaxtagreiðslur og verðbætur til frambúðar.



Sæktu um fyrir 1. júlí.

Úrræði stjórnvalda gilda í þrjú ár frá og með 1. júlí nk. Til að tryggja að þau nýtist að fullu þarftu að sækja um viðbótarlífeyrissparnað fyrir þann tíma. Kynntu þér málið á landsbankinn.is eða fáðu trausta ráðgjöf í næsta útibúi.



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST



ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMIDIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. maí 2014 | 33. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

STAFRÆN
PRENTUN!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



KOSTNAÐUR ÓLÍÐANDI

AF ÚRELTU LANDBÚNAÐARKERFI

→ SVP fara fram á tollfrjálsan og óheftan innflutning nautakjöts í ljósi viðvarandi skorts sem framleiðendur geti ekki brugðist við.

→ Lögmaður SVP segist hafa fengið ádrátt um að erindi samtakanna yrði synjað hjá samráðsnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

→ Þrjú matvælafyrirtæki telja tollameðferð stjórnvalda vegna innflutnings landbúnaðarvara ólög- mæta og krefjast bóta fyrir dómi.

SÍÐA 6

Fríverslun komið á 1. júlí

Samningur Íslands og Kína um fríverslun sem undirritaður var fyrir um einu ári tekur gildi 1. júlí næstkomandi. Samtök verslunar og þjónustu (SVP) segja í fréttapósti sínum komna staðfestingu á þessu frá stjórnvöldum. Samtökin hafa verið mjög fylgjandi gerð samningsins og telja að í honum felist veruleg tækifæri fyrir íslenska verslun. „Með gildistöku samningsins falla niður tollar af öllum algengum iðnaðarvörum sem fluttar eru til landsins frá Kína,“ segir í umfjöllun SVP. Hagræðið felist hins vegar fyrst og fremst í beinum innflutningi. Það þýði að varningurinn megi ekki áður hafa verið tollafgreiddur inn í eitthvert aðildarríki Evrópusambandsins. - óká

Auglýsa goddrykk á tunglinu

Japanski orkudrykkjaframleiðandinn Otsuka Pharmaceutical verður fyrsta fyrirtækið til að auglýsa vöru sína á tunglinu.

Fyrirtækið framleiðir drykkinn Pocari Sweat og stefnir nú að því að skjóta dós af drykknum til tunglsins á næsta ári. Drykkurinn verður sendur út í geiminn í duftformi og í sérstakri titáníumdós sem á að þola landinguna á yfirborði tunglsins. Dósin er einnig hönnuð til þess að þola miklar hitabreytingar á leiðinni og mikla rafsegulgeislun frá sólinni.

Áætlað er að hið 384 þúsund kílómetra ferðalag taki fjóra daga. Þegar dósin verður komin á áfangastað verður henni komið fyrir í gígnum Lacus Mortis, eða „Vatni dauðans“. - sój

Verðmætið minnkaði um 36%

Aflaverðmæti íslenskra skipa var 35,8 prósentum lægra í febrúar miðað við sama mánuð 2013. Samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands hefur mikill samdráttur í veiðum á loðnu þar mest að segja en þær skiluðu einungis 1,8 milljörðum króna samanborið við 6,9 milljarða í febrúar 2013.

Verðmæti uppsjávarafra dróst saman um 72,7 prósent og botnfiskafla um 8,2 prósent. Útgerðarmenn sem veiddu flatfisk sáu samdrátt upp á 19 prósent og verðmæti skel- og krabbadyraafans dróst saman um rúm 74 prósent.

Frá tímabilinu mars 2013 til febrúar 2014 dróst aflaverðmæti íslenska flotans saman um 11,2 prósent. - hg

CHROME HEARTS
EYEWEAR

Robert Price
kynnir nýjustu línuna frá
Chrome Hearts
í verslun okkar í dag
í Smáralind

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Reitir varðveita ásýnd og sögu borgarinnar

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum. Með vönduðu viðhaldi á eignum varðveitum við sögu borgarinnar, gefum henni fallega ásýnd og sköpum um leið góðan vinnustað fyrir þig og þína.

REITIR

Velkomin til starfa

Samið um rannsóknir vegna umskipunarhafnar í Finnafirði:

Sömdu um Finnafirði í Ráðherrabústaðnum

Fulltrúar Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, verkfræðistofunnar Eflu og þýska fyrirtækisins Bremenport skrifuðu undir samstarfssamning um rannsóknir og þróun á umskipunar- og þjónustuhöfn í Finnafirði í Ráðherrabústaðnum í gær.

Samningurinn kveður á um réttindi og skyldur þeirra sem koma að verkefninu þegar kemur að rannsóknum og mati á laga-, tækni-, umhverfis- og fjárhagslegum þáttum framkvæmdanna, samkvæmt tilkynningu Langanesbyggðar.

Áætlað er að heildarkostnaður við rannsóknir, umhverfismat og frumhönnun nemi nokkur hund-

uð milljónum króna. Bremenport mun fjármagna verkefnið. Fyrirtækið er á meðal stærstu rekstrar- og umsýsluáðila umskipunarhafna í Evrópu og á meðal annars umskipunarhöfnina í Þýsku borginni Bremerhaven, sem er næststærsta höfn sinnar tegundar í Þýskalandi.

„Á yfirstandandi ári verður megináhersla lögð á söfnun gagna vegna umhverfismats og frumhönnunar og skipulags hafnarinnar,“ segir í tilkynningu.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, voru viðstödd undirritunina. -hg



Í FINNAFIRÐI Framkvæmdir við höfnina gætu hafist árið 2018.

Samdráttur um 1,8 prósent:

Velta gististaða eykst milli ára

Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi dróst saman um 1,8 prósent á fyrstu tveimur mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Veltan í ár nam rúmum 488 milljónum króna. Hagstofan greinir frá þessu.

Á síðustu 12 mánuðum varð mestur samdráttur í framleiðslu án fiskvinnslu. Á sama tímabili jókst veltan mest í rekstri gististaða og veitingarekstri og einnig í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.

-rkr

Vísitalan hækkar áfram:

Íbúðaverð upp um 0,7% í apríl

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu var 393,6 stig í apríl og hækkaði þá um 0,7 prósent frá fyrri mánuði.

Síðastliðna þrjú mánuði hefur vísitalan hækkað um 4,4 prósent og um 11,2 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum, samkvæmt frétt Þjóðskrár Íslands.

Í nýrri skýrslu Íslandsbanka um fasteignamarkaðinn er gert ráð fyrir að íbúðaverð eigi eftir að hækka enn meira á þessu ári.

-hg



Á BILASTÆÐINU Landsbankinn og Valitor voru áður með skrifstofur og útibú við Laugaveg 77.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Vill byggja allt að 60 íbúðir við Hverfisgötu

Sjóður á vegum Gamma vill reisa 50-60 íbúðir á bilastæðinu fyrir aftan Laugaveg 77. Unnið er að hönnun byggingarinnar en framkvæmdir gætu hafist í haust. Verkefni upp á tvo milljarða króna.

FASTEIGNAMARKAÐURINN HARALDUR GUÐMUNDSSON | HARALDUR@FRETTABLAÐID.IS

Fagfjárfestastjóður á vegum fjármálafyrirtækisins Gam Management hf. (Gamma) vill reisa fjögur til fimm þúsund fermetra húsnæði á bilastæðinu fyrir aftan Laugaveg 77. Unnið er að hönnun byggingarinnar og er þar gert ráð fyrir 50-60 íbúðum. Framkvæmdir gætu hafist í haust og heildarkostnaður verkefnisins er um tveir milljarðar króna.


„Þetta er í skipulagsferli eins og staðan er núna og skipulagsyfirvöld hafa tekið mjög vel í þetta,“ segir Gísli Hauksson, forstjóri Gamma. „Við stefnum að því að reisa þarna íbúðarhúsnæði og þar á meðal minni íbúðir sem henta yngra fólki. Planið er að hafa þær á viðráðanlegu verði,“ segir Gísli.

Gamma hefur vakið mikla athygli á undanföllum mánuðum fyrir umsvif sín á fasteignamarkaði. Fyrirtækið rekur meðal annars sjóðina Centrum, Eclipse og Novus sem eiga Leigufélag Íslands. Leigufélagið á nú um 350 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu en stefnir á að bæta við 850 íbúðum á næstu þremur árum.



GÍSLI HAUKSSON

Á HORNIN HVERFISGÖTU OG BARÓNSTÍGS



550 ÍBÚÐIR BYGGÐAR NÁLÆGT HLEMMI

Um 550 íbúðir eru í byggingu eða á leið í byggingu á nokkrum lóðum nálægt Hlemmi, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg. Búseti byggir nú 230 íbúðir í Þverholti, 140 íbúðir eiga að rísa á Hampiðjureitnum, 100 stúdentaíbúðir í Brautarholti og 75 íbúðir á Höfðatorgi. Einnig er verið að byggja nokkur hótél á svæðinu með samtals 500 hótélherbergjum og má þar nefna 350 herbergja hótél á Höfðatorgi.

Fagfjárfestastjóðurinn keypti Laugaveg 77 og lóðina fyrir aftan í apríl 2013. Húsið og lóðin voru áður í eigu Landsbankans.

„Við vorum að klára að fylla húsið nú í maí. Stærstu leigjendurnir eru Reykjavíkurborg og Plain Vanilla og síðan má nefna að þarna verður einnig stórt kaffihús Pennans á jarðhæð,“ segir Gísli.

Hann gerir ráð fyrir að íbúðirnar verði tilbúnar um einu og hálfu ári eftir að framkvæmdir hefjast.

„Þetta svæði er að verða eitt helsta vaxtarsvæðið í miðbænum og það er ekki ólíklegt að íbúum á þessu svæði muni fjölga um 1.500 til 2.000 á næstu þremur árum ef áætlanir um uppbyggingu í kringum Hlemmsvæðið ná fram að ganga.“

Um 50 manns starfa hér á landi hjá alþjóðlega lyfjafyrirtækinu:

Alvogen bætir við starfsfólki á Íslandi

María Kristín Þrastardóttir og Sigríður Ólafsdóttir hafa verið ráðnar í stöður sérfræðinga á fjármálasviði lyfjafyrirtækisins Alvogen.

María er með cand.oceon-gráðu í reikningshaldi og endurskoðun frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Deloitte síðastliðin tíu ár. Sigríður Ólafsdóttir er viðskiptafræðingur með MS-gráðu í fjármálum. Hún mun halda utan um lánastarfsemi milli dótturfélaga Alvogen ásamt því að sinna öðrum verkefnum á fjármálasviði.

Um fimmtíu manns starfa hjá Alvogen hér á landi en starfsmennirnir eru alls um tvö þúsund talsins í 34 löndum. Fyrirtækið



NYRÁÐIN María Kristín Þrastardóttir mun meðal annars sinna verkefnum sem tengjast fjárhagsuppgjöri Alvogen.

hóf starfsemi á Íslandi árið 2010 og vinnur nú að uppbyggingu Hátæknisetsurs í Vatnsmýrinni.

-hg

Nilfisk ALTO works for you

Háþrýstidælar, ryk- og vatnssugur á sumartilboði

C130.1-6 X-tra háþrýstidæla
Fyrir þá sem vilja góða háþrýstidælu.
Vnr. 128470251

E140.3-9 X-tra háþrýstidæla
Óflug dæla fyrir þá kröfuhörðu. Á húsið, bílinn og stéttina.
Vnr. 128470505

P150.2-10 X-tra háþrýstidæla
Þessi er kraftmikil og hentar fyrir minni fyrirtæki, bændur, stóra bíla, vinnuvélar o.s.f.
Vnr. 128470132

Buddy 15
Líti og nett ryk- og vatnssuga
Vnr. 302002316

Poseidon 3-40 háþrýstidæla
Alkastamikil 3ja fasa háþrýstidæla. Þrýstingur 170 bár. Vatnsmagn allt að 830 l/klst
Vnr. 301002221

Attix 30-01
Óflug ryk- og vatnssuga sem hentar vel í erfið verkefni.
Vnr. 02003405

Tilboð frá 11.988 kr.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

ASUS VINNUSTÖÐ FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI



INTEL i5 HASWELL

Öflug vinnustöð með fjögurra kjarna Intel i5 Haswell örgjörva og Intel HD4600 skjákorti. Vinnsluhraði sem þjónar vel kröfum flestra fyrirtækja. 4GB 1600MHz vinnsluminni og hljóðlátur 500GB harður diskur.

SMÁVAXIN OG FYRIRFERÐALÍTIL

Fyrirtæki leggja sífellt meiri áherslu á að vinnustöðvar taki lítið pláss. Asus vinnustöðvarnar koma í Small Form Factor kassa, sem notar minna rafmagn og tekur lítið pláss á skrifborði.

ÓTAL TENGIMÖGULEIKAR

Samtals tíu USB2 og USB3 tengi. Serial Com port, Parallel tengi og PS/2. Hægt er að tengja allt að þrjú skjái við vélina með DVI eða VGA og tveimur Display Port tengjum.

WINDOWS PROFESSIONAL

Til að tengjast innanhússneti fyrirtækisins þarf tölvan að vera búin Windows Professional. Þessi kemur uppsett með Windows 8 Pro sem hægt er að færa niður í Windows 7 Pro.

MIKIÐ ÚRVAL VINNUSTÖÐVA

Tölvulistinn býður yfir 20 mismunandi gerðir af vinnustöðvum fyrir fyrirtæki. Þarfir fyrirtækja eru mjög mismunandi. Henti þessi vinnustöð ekki þínu fyrirtæki, hvetjum við þig til að fá tilboð hjá fyrirtækjaþjónustu okkar sem henta betur þörfum þíns fyrirtækis.



VIKUTILBOÐ

119.990

FULLT VERÐ 149.990



FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is



BOLAKÁLFUR Á BÁS SÍNUM Forsvarsmenn Samtaka verslunar og þjónustu segja augljóst að skortur sé á innlendu nautakjöti og útséð um að innlendir framleiðendur fái bætt þar úr. Ný verðskrá sláturleyfishafa sýnir yfir 21% hækkun ungnautakjöts í fyrsta flokki hjá stórum framleiðendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segir heimilin búa við ólíðandi kostnað af úreltu landbúnaðarkerfi

Verðhækkun nautakjöts frá 2010 hækkaði verðtryggðar skuldir um 900 milljónir. Kjötskortur hefur þrýst á enn meiri verðhækkunir. SVP vill bregðast við með frjálsum og tollalausum innflutningi nautakjöts. Búist er við synjun.

TOLLAMÁL

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNASON |
OLIKR@FRETABLAÐIÐ.IS



Samtök verslunar og þjónustu (SVP) fara fram á að innflutningur á nautakjöti verði bæði frjálsum og laus við tolla til að bregðast við viðvarandi skorti á nautgripakjöti. Í erindi samtakanna til ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu fyrr í þessum mánuði kemur fram að SVP hafi borist ábendingar frá aðildarfélögum samtakanna þar sem áhyggjum er lýst af ástandinu.

„Fyrir liggur að nú þegar er skortur á nautgripakjöti og ekki má ráða að innlendum framleiðendum verði unnt að bregðast við núverandi eftirspurn með fullnægjandi hætti,“ segir í bréfi SVP, sem dagsett er 8. þessa mánaðar. „Með vísan til fyrri fordæma ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara, samanber málsmeðferð nefndarinnar og viðbrögð hennar vegna smjörskorts í lok nóvember á síðasta ári, er þess óskað að beiðni þessi um niðurfellingu á tollum á nautakjöti verði tekin án tafar til afgreiðslu nefndarinnar,“ segir þar jafnframt.

Eiga von á synjun

Erindið hefur hins vegar enn ekki verið afgreitt. Þegar blaðið ætlaði að leita upplýsinga hjá Ólafi Friðrikssyni, skrifstofustjóra í atvinnuvega- og nýsköpunar-



LÁRUS M. K. ÓLAFSSON

ráðuneytinu, sem er formaður ráðgjafarnefndarinnar, var hann sagður í leyfi út þessa viku.

Lárus M.K. Ólafsson, lögmaður SVP, segir vonir hafa staðið til þess að málið yrði tekið fyrir á fundi nefndarinnar fyrir síðustu helgi, en hann hafi enn ekkert formlegt svar fengið um afgreiðsluna. „Þau óformlegu svör sem ég fékk þegar ég var í sambandi við nefndina í síðustu viku voru á þá leið að við myndum fá synjun á erindið og mættum búast við því,“ segir hann og gerir ráð fyrir því að nefndin komi til með að byggja slíka niðurstöðu á svörum framleiðenda um að ekki sé skortur á kjöti. „Við höfum svo sem séð slík viðbrögð áður, en formlega hefur ekkert svar enn borist.“

Lárus segist eiga von á svari nefndarinnar á hverri stundu, hafi tekist að taka erindi SVP fyrir á síðasta fundi hennar. Hann segir hins vegar brotalóm kerfisins endurspeglast í því að hvatt sé til aukinnar mjólkurframleiðslu og á meðan sé ekki slátrað nautgripum, sem svo aftur endurspeglast í því hvernig afurðastöðvar bitist um bitana með því að hækka verð til bændna. „Og það eitt og



FINNUR ÁRNASON

sér segir manni bara eitt, að skortur sé á kjöti, sama hvað menn segja svo nefndinni. Og þá veltir maður því fyrir sér til hvers þessir WTO-kvótar séu ef ekki til að bregðast við svona ástandi.“

Um leið segir Lárus afgreiðsluna sýna að samtökin fái ekki sama málshraða og MS hafi fengið þegar skortur varð á smjöri undir lok síðasta árs. „Þá var dansað á punktinum við beiðninni.“

Eftirspurn meiri en framboð

Lárus segir ljóst að erfitt kunni að reynast að fá ákvörðun nefndarinnar breytt innan stjórnsýslunnar og ekkert virkt kerfi til að bregðast við því. Vilji menn fá ákvörðun hnekkta þá yrði það væntanlega að gerast fyrir dómi. „En eitt er víst að þegar svarið kemur þá tökum við því ekki þegjandi og hljóðalaust.“

Lárus segir málið viðtækara en svo að það snúist bara um hagsmuni verslunarinnar. „Þetta er neytendamál líka.“ Þær forsendur sem nú séu uppi hafi ekki legið fyrir þegar gefnir voru út innflutningskvótar í tengslum við WTO- og ESB-samninga. „Þegar afurðastöðvar hækka verð sitt þá hefur það áhrif á alla aðra. Þetta eru ekki bara bændur og framleiðendur sem eru andlag þessara hækkana.“

Í erindi SVP til ráðgjafarnefndarinnar er bent á að verð Sláturfélags Suðurlands fyrir flokkinn UN 1 A (ungnautakjöt í fyrsta flokki) hafi farið úr 623 krónum í ágúst í fyrra í 759 krónur í maí á þessu ári. Sambærilegt verð hjá Sláturhúsinu á Hellu hafi farið úr 625

krónum í 759 krónur. Hækkunin nemur ríflega 21 prósent í báðum tilvikum. Samtökin telja skjóta skökku við að umræddir tollar, sem ætlað sé að vernda innlenda framleiðslu, séu settir á þegar innlenda framleiðslan nær ekki ein og sér að anna innlendra eftirspurn. „Í ljósi þessa telja SVP mikilvægara en ella að fella niður umrædda tolla enda er innlendra framleiðslu með öllu ófært að sinna núverandi eftirspurn sem og yfirvofandi eftirspurn í sumar.“

Skuldavandalasun í skugga í hækkana á matvöruverði

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir að fyrirsjáanlegt hafi verið að nautakjöt myndi hækka í kjölfar smjörskortsins undir lok síðasta árs.

Núna segir hann verð á þeim flokki nautakjöts sem mest sé notað (ungnaut í fyrsta flokki, UN 1 A) hafi hækkað um rúm tuttugu prósent frá því í ágúst í fyrra.

„Þegar verðbólgan er þrjú prósent er ólíðandi að úrelt landbúnaðarkerfi geti sent svona reikning til heimilanna án þess að hægt sé að bregðast við,“ segir Finnur og kveður eðlilegt að innflutningur sé gefinn frjálsum og án tolla í ástandi sem þessu. „Engin rök eru fyrir því að heimilin sé látin greiða herra verð vegna vöruskorts árið 2014.“

Að auki segir Finnur tilgangslaust fyrir Alþingi „að þykjast vera að vinna að einhverri lausn á húsnæðisvandamála heimilanna á meðan þetta kerfi er við lýði sem viðheldur verðbólgunni

„Pau óformlegu svör sem ég fékk þegar ég var í sambandi við nefndina í síðustu viku voru á þá leið að við myndum fá synjun á erindið og mættum búast við því.“

og étur upp ávinninginn af þessum aðgerðum.

Í samantekt sem Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, vann fyrir blaðið kemur fram að verðtryggðar skuldir heimila séu um 1.700 milljarðar króna. Frá desember 2010 hafi verð nautakjöts hækkað um 30 prósent, á meðan heildarhækkun kjötverðs hafi verið 20 prósent. Vægi nautakjöts sé hins vegar 0,39 prósent af vísitölu neysliverðs. Því megi segja að hækkun nautakjöts umfram vísitölu neysliverðs hafi hækkað verðtryggðar skuldir heimila um 900 milljónir króna, miðað við stöðuna í síðasta mánuði.

Verðhækkun nautakjöts í maí bætur því enn við verðtryggðu skuldarnar. „Jafnvel um einn til tvo milljarða,“ segir Finnur.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



MARGT AÐ GERAST Á LISTAHÁTÍÐ

Listahátíð í Reykjavík hefst á morgun og stendur til 5. júní. Listahátíðin er árlegur vettvangur allra lista og nýsköpunar. Hún var fyrst haldin árið 1970. Margt verður um að vera á hátíðinni og má kynna sér dagskrána á heimasíðunni listahatid.is.

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Á NETINU
Ómar Þór Ómarsson,
framkvæmdastjóri
Balsam, bendir sem
flestum á að kynna sér
lækningamátt Magnolia á netinu.

HEILBRIGÐ LAUSN VIÐ SVEFNVANDA

BALSAM KYNNIR MAGNOLIA OFFICINALIS – Það nýjasta frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum, stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni, vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.

Börkur af plöntunni Magnolia officinalis sem vex í fjallahéruðum Kína hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2.000 ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningarmátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðlar að heilbrigðum samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið kortisól, sem er

stundum kallað stresshormónið. Nýleg rannsókn frá Landlæknisevni sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.

UMFJÖLLUN Í FRÆÐIRITUM

Mikið hefur verið fjallað um plöntuna nýlega, til að mynda í fræðiritinu The Nutrition Journal og á vefsíðunni webmd.com.



NÝ SENDING KOMIN Í VERSLANIR!

Magnolia officinalis hefur nú þegar notið mikilla vinsælda á Íslandi og seldust fyrstu

sendingarnar upp með hraði. Ný sending er komin í verslanir og er Magnolia-fæðubótarefnið fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsinu, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Lifandi markaði og Heimkaupum.

MARGIR HAFNA HAFT SAMBAND

Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri hjá Balsam, þakkar frábærar móttökur. „Svefnvandi og þunglyndi eru virkilega erfið vandamál sem geta sett mikið álag á líf fólks. Margir hafa nú þegar haft samband og sagt mér að með hjálp Magnolia hafi þeim tekist að ná mun betri stjórn á svefninum og hafi ekki liðið betur í langan tíma.“

SUMAR OG BÖRN

Sérblaðið Sumar og Börn kemur út með Fréttablaðinu föstudaginn 23 maí.



Blaðið mun fjalla um:

- Afþreyingar fyrir börn og fjölskylduna.
- Sumarbúðir og leikjanámskeið.
- Skemmtanir fyrir börn.
- Börn og útivera.
- Sólavörn fyrir börn.
- Mat fyrir börn
- Börn og ferðalög

Áhugasamir um auglýsingar í blaðið vinsamlegast hafið samband við

Kolbeinn Kolbeinsson
Netfang: kolli@365.is
Sími: 663 4555

Náttúrulega
svalandi



alō

Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bita?

áhrifaríkur og án allra eiturefna.



Allt að 8 tíma virkni.



Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá N1
www.gengurvel.is

Kvartbuxur



Kr. 10.900.-
str. 36-56

Litir:
rautt og svart



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM



Verðdæmi:
Tungusófar 2+tunga frá 215.120kr
Hornsófar 2H2 frá 275.120kr
Sófasett 3+1+1 frá 303.120kr

ÍSLENSKIR SÓFAR SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM
MÁL OG ÁKLÆÐI AÐ EIGIN VALI


20% afsláttur
af öllum sófum / sófasettum
í völdum áklæðum



Torino hornsófi 2H2
Verð frá 267.120 kr



Dallas tunga 2+t
Verð frá 149.900 kr



Cubic TV skápur
Verð 19.900 kr

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16



Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



BRANDENBORGARHLIÐIÐ Flestir ferðamenn skoða þetta merka hlið sem er eitt þekktasta mannvirki í Þýskalandi.

TÍSKUBORGIN BERLÍN

VINSÆL Á undanförunum árum hefur ferðamannastraumur til Berlínar aukist umtalsvert. Ferðalangar frá Norðurlöndum og öðrum Evrópuríkjum streyma til borgarinnar, enda á hún sér mikla sögu.

Berlínarbúar hafa tekið fagnandi þessari miklu fjölgun ferðamanna og þar er stöðugt verið að opna nýja bari, verslanir, kaffi- og veitingahús. Auðvelt er að ganga að öllum merkustu stöðum borgarinnar en strætisvagnakerfið er auk þess mjög einfalt.

FALLEGUR ARKITEKTÚR

Berlín er höfuðborg Þýskalands og þar býr á fjórðu milljón íbúa sem gerir hana að næstfjölmennustu borg í Evrópu. Matarmenning er fjölbreytt og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Borginni er skipt upp í nokkur aðalhverfi. Arkitektúr er fallegur í borginni en í Berlín er ógrynni af áhugaverðum listasöfnum, má þar til dæmis nefna Deutsches Historisches Museum.

Verslunargötur eru margar í Berlín en frægastar eru Friedrichstrasse og Alexandersplatz. Friedelstrasse er skemmtileg gata en þaðan er stutt í allar áttir. Fyrir þá sem ætla að fá sér gott að borða eða drekka er þetta rétta gatan. Við þessa götu eru fallegar verslanir sem bjóða þekkt merki og hönnunarvöru, vinsæl bókaverslun er við götuna en hún sérhæfir sig í bókum og tímaritum um ljósmyndun og hönnun. Þar rétt hjá er falleg barnafata- og leikfangaverslun. Önnur verslunargata, Sanderstrasse, er skammt frá. Í þeirri götu er þekkt verslun sem selur vínylhljómplötur. Friedrichshain er einnig þekkt gata og skemmtilegt verslunarhverfi. Litlar, sjálfstæðar verslanir sem selja vörur sínar á betra verði en í öðrum götum.

FJÖLBREYTT MANNLÍF

Mörg kaffihús í Berlín breytast í bari á kvöldin og næturlífíð er fjölskrúðugt fyrir þá sem vilja njóta þess. Flestir vilja skoða sögulegar minjar eins og restina af Berlínarmúrnum eða Brandenborgarhliðið og gömul hverfi í austurhluta borgarinnar.

Berlín þykir ódýr miðað við margar aðrar evrópskar borgir. Þjörglasið kostar frá 300-500 krónur og hægt er að fá ágætis



BERLÍNARMÚRINN Enn eru leifar af múrnum sem gaman er að skoða. Listamenn hafa skreytt veggina á mismunandi hátt. Múrin stóð frá 13. ágúst 1961 til 9. nóvember 1989. Því er fagnað í ár að 25 ár eru liðin frá falli múrsins.



AFÞREYING Í Berlín er hægt að finna ýmislegt skemmtilegt að gera. MYND/PHILIP KOSCHEL

máltíð fyrir 1.200 krónur þótt verðið sé að sjálfsögðu misjafnt. Þá er auðvelt að hjóla um Berlín og víða hægt að fá leigð reiðhjól.

Á sumrin er margt um að vera í borginni, ýmis götupartí þar sem mannlífið er fjölbreytt og skemmtilegt. Lifandi tónlist er á götum úti, sérstaklega um helgar. Vínhátíðir eru margar þar sem hægt er að smakka vín úr nærliggjandi héruðum. Fjölmenningshátíð er í júní með tilheyrandi skrautlegri skruðgöngu þar sem fólk frá 80 löndum dansar í þjóðbúningum landa sinna. Djasshátíðir og aðra viðburði í sumar má kynna sér á vefsíðunni visitberlin.de.

■ elin@365.is



MANNLÍF Í Berlín eru margir úteitingastaðir þar sem hægt er að fylgjast með mannlífinu. MYND/WOLFGANG SCHOLVIER

SUMARSPRENGJA

25-70%

**AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM**



INNFLUTNINGSFYRIRTÆKI KREFJAST BÓTA VEGNA ÓLÖGMÆTRAR SKATTLAGNINGAR OG GJALDA Í TENGLUM VIÐ TOLLKVÓTA

Innflytjendur og heildsalar matvæla hafa höfðað bótamál á hendur íslenska ríkinu vegna þess sem talin er ólögmæt skattlagning og gjaldtaka í tengslum við tollkvóta á landbúnaðarvörum. Þrjú stórir innflytjendur krefja ríkið alls um 561,6 milljónir króna. Í öllum tilvikum var Sigurði Inga Jóhannssyni, ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, stefnt fyrir hönd ríkisins.

Hæsta krafan er í máli Haga og Aðfanga á hendur ríkinu, 282,4 milljónir króna. Matvöruheildsalan Innnes krefur svo ríkið um rúmar 220 milljónir króna og innflutningsfyrirtækið Sælkeradreifing krefur ríkið um 59,2 milljónir.

Málin voru öll höfðuð í byrjun árs, en á dag-skrá Héraðsdóms Reykjavíkur má sjá að næstu fyrirtökur í þeim eru 11. júní næstkomandi. Þar kemur fram að stefndi sé fjármála- og efnahagsráðuneytið. Ólíklegt er að málin verði tekin fyrir á ný fyrir en í haust að loknu þinghléi dómstólanna.

Málsástæður eru þær sömu í öllum málunum og málalíðnaður samhljóða. Fyrirtækin telja öll að ráðherra hafi oftekið skatta og gjöld án viðhlítandi lagastoðar og í bága við stjórnarskrá. Enn fremur fari gjaldtakan í bága við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands. Krafist er endurgreiðslu á ofteknum sköttum og gjöldum.

Bent er á að Ísland sé aðili að samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) í Marakess 15. apríl 1994 og í tengslum við hann hafi hér meðal annars verið innleitt tollkvótafyrirkomulag. Ráðherra gefi árlega út reglugerðir um úthlutun tollkvóta. Fram kemur í stefnunum að vegna eftirspurnar eftir erlendum landbúnaðarafurðum hafi íslenskir innflytjendur sótt um mun meira magn til innflutnings en samið hafi verið um í Marakess-samningnum. „Útboðs-

leiðin hefur því mikið verið nýtt og hafa tekjur ríkissjóðs orðið umtalsverðar af matvöru sem áttí að flytja inn tollalaust eða á lægri tollum til hagsbóta fyrir neytendur,“ segir í stefnunni. Þetta hafi leitt til þess að tollkvótar, sem átt hafi að tryggja innflutning á lægri gjöldum en ella, hafi ekki verið nýttir og að markaðsaðgangur sé mun takmarkaðri en ríkið hafi skuldbundið sig til að veita. Endurgreiðslukrafa fyrirtekjanna er þarna sögð tilkomin vegna oftekinna gjalda í tengslum við útboð á tollkvótum vegna innflutnings frá aðildarríkjum WTO á tímabilinu frá júní 2012 til júní 2013.

SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON

SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON

kvótum, enda engir tollar lagðir á innflutt magn sem úthlutað sé af þeim. Þar er krafist endurgreiðslu vegna innflutnings á árunum 2009 til 2012.

Í málunum er einnig lagt upp með að ákvörðun ráðherra um toll á innflutning samkvæmt WTO- og ESB-kvótum og gjaldtaka í tengslum við uppboð á kvótunum feli í sér skattheimtu í merkingu stjórnarskrár. „Sú skattheimta er valkvæð og framkvæmd hennar bæði óskýr og ófyrirsjáanleg fyrir gjaldendur,“ segir í stefnu og því haldið fram að framkvæmdin eigi sér ekki viðhlítandi stoð í lögum og sé andstæð ákvæðum stjórnarskrár um bann við því að eftirláta stjórnvöldum val um það hvort skattheimta fari fram og hvernig. Ráðherra er því sagður hafa tekið sér vald sem samkvæmt skýrum ákvæðum stjórnarskrár sé einungis á hendi löggjafans.



RÁÐUNEYTIÐ Í MÁLALÍÐNAÐI Haga og Aðfanga, Innnes og Sælkeradreifingar á hendur íslenska ríkinu er framkvæmd við uppboð tollkvóta og gjaldtaka ríkisins tengd henni sögð ólögmæt.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

→ ORÐRÉTT ÚR STEFNU Á HENDUR RÍKINU

Stefnandi byggir á því að umrædd gjaldtaka í tengslum við úthlutun tollkvóta sé ólögmæt, einkum af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi þar sem gjaldtakan er háð vali ráðherra og leggst ofan á það tollverð sem birt er fyrirfram í lögum og reglugerð, en hvort tveggja er í skýrri andstöðu við framangreind ákvæði stjórnarskrár. Í öðru lagi þar sem að gjaldtakan felur í sér viðbótar tollheimtu við skuldbindingar Íslands samkvæmt WTO-samningnum og ESB-samningnum án viðhlítandi lagaheimildar eða samninga um frávik þar um. Er slíkt jafnframt í andstöðu við meginreglur þjóðréttar um efnidir þjóðréttarlega skuldbindinga og meginreglur þjóðréttar um tillits- og viðleitniskyldu. Í þriðja lagi þar sem gjaldtakan fer fram í andstöðu við þá meginreglu tollaréttar að tollar og önnur aðflutningsgjöld skuli greidd við innflutning. Þegar um útboð á tollkvótum er að ræða þá er innflytjendum gert að greiða fyrirfram, það er áður en til innflutnings kemur, og óháð því hvort innflutningsheimildir eru nýttar. Hvergi er að finna lagaheimild fyrir slíkri fyrirframgreiðslu og er hún því í andstöðu við meginreglur tollalaga og 1. meðgrein 120. greinar tollalaga. Þá gengur þetta jafnframt þvert á meginreglur um gjaldtöku hins opinbera.

NEYTENDASAMTÖKIN HAFU MÓTMÆLT SKIPAN Í STARFSHÓP UM TOLLAMÁL OG VILJA FÁ AÐ SKIPA FULLTRÚA

Stjórn Neytendasamtakanna mótmælir því að fá ekki fulltrúa í starfshóp um tollamál á sviði landbúnaðar. Í grein sem Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, ritaði í Fréttablaðið 10. þessa mánaðar er áréttað að tollvernd hafi frá stofnun samtakanna fyrir 61 ári verið eitt af stóru málunum í hagsmunabaráttu neytenda. Á þeim vettvangi telji samtökin þó oftast en ekki meiri hagsmunum fórn að fyrir minni.

Tollkvótar sem eingöngu séu settir til að vernda eina atvinnugrein gangi freklega gegn hag neytenda.

Þegar ljós var skipan í starfshóp ráðuneytisins í febrúar óskuðu Neytendasamtökin eftir því að fá að skipa fulltrúa. „Eftir ítrekanir á þessu erindi og fréttatilkynningar frá samtökunum barst loks svar frá ráðuneytinu sem dagsett er 6. maí síðastliðinn,“ segir Jóhannes. Þar kom fram að tveir fulltrúar



JÓHANNES GUNNARSSON

komi hvor frá sínu ráðuneyti, tveir frá framleiðendum, tveir frá launþegasamtökum, einn frá Samtökum atvinnurekenda og einn frá Samtökum verslunar og þjónustu. „Að athuguðu máli verður ekki annað séð af skipan hópsins en að sjónarmið þeirra er hags-

muna eiga að gæta muni koma fram með fullnægjandi hætti í nefndarstarfinu,“ hefur Jóhannes eftir ráðuneytinu. Hann segir stjórn Neytendasamtakanna hins vegar með engu móti geta fallist á að þessi skipan sé til þess fallin að gæta hagsmuna neytenda sérstaklega. „Verður því að túlka svarið sem svo að ráðherra telji að endurskoðun á tollalöggjöf á sviði landbúnaðar komi neytendum ekkert við,“ segir hann.

NÝR FORD F350

> Sérpantaðu F350 sérsniðinn að þínum þörfum



**FORD F350 SD
4X4 CREW CAB**

6,7 POWER STROKE V8 DÍSL
440 HÖ. 6 PREPA SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **7.990.000 KR.**

PANTAÐU BÍLINN EINS OG
ÞÚ VILT HAFU HANN!



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16. Varahlutaverzlun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.



ford.is

BALA KAMALLAKHARAN

Bandarískir fjárfestar veðja á íslenska sprota framtíðarinnar.

Bala Kamallakharan stofnaði Startup Iceland-ráðstefnuna og stýrir fjárfestingarfélagunum Mira Capital og Auro Investment Partners en það síðarnefnda leiðir hóp fjárfesta sem ætla að reisa hótél við hlið Hörpunnar. Bala var framkvæmdastjóri hjá Glitni banka og er kvæntur íslenskri konu og á fjölskyldu hér. Hann stýrði skrifstofu Glitnis á Indlandi fram að falli bankanna. Eftir hrun fór hann að beina augum sínum að íslenskum sprotafyrirtækjum. Hann segir kjöraðstæður fyrir sprotafyrirtæki hér á landi og að mikil gróska sé í hugbúnaðargeiranum. Bala, sem er með meistara-gráðu í hagfræði og fjármálum frá Louisiana State University, er gestur okkar í nýjasta þætti Klinkinsins.

klínkið

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is

Viðtalið við Bala Kamallakharan er hægt að sjá í þættinum [Klinkinu á www.visir.is](http://www.visir.is).

Pú stofnaðir Startup Iceland-ráðstefnuna. Hvers vegna?

„Það var mikið af grasótarsamtökum og mikið af fólki sem var að hittast, eins og Hugmyndahúsið til dæmis, en það var ekkert sem leysti eitt stórt vandamál, það er að byggja brú í átt að stærri markaði. Clara lenti í þessu. Þeir höfðu ekki vettvang til að ræða við og hitta erlenda fjárfesta. Ég stofnaði Startup Iceland í þessum tilgangi, að skapa þennan vettvang.“

VIÐ ERUM AÐ PUMPA UPP VERÐMÆTI FYRIRTÆKJA SEM HAFU LÍTINN MÖGULEIKA Á VEXTI ERLENDIS. FOARGANGURINN ÆTTI AÐ VERA Á VERÐMÆTASKÖPUN FYRIRTÆKJA SEM GETA VAXIÐ ALPJÓÐLEGA.

Er eitthvað sérstakt í menningu sprotafyrirtækja á Íslandi eða er þetta sama sagan alls staðar?

„Ef þú hugsar til baka til hrunsins þá er það mín skoðun að hrúnið hafi verið svona endurræsingarhappur fyrir mörg samfélög. Hver borg var eitt sinn sproti einhvern tímann. Ísland er ekkert ólíkt þessu. Brad Feld skrifaði bók um sprotafyrirtæki og það er sérstakur kafli um Startup Iceland í bókinni. Ísland hefur náð árangri á mjög skömmum tíma en venjulega tekur það langan tíma að koma sprotafyrirtækjum á legg.“

Hefur áhugi fjárfesta á Vesturlöndum raungerst með raunverulegri fjárfestingu í íslenskum sprotafyrirtækjum eftir Startup Iceland?

„Ég hef ákveðið að stofna fjárfestingarsjóð með Íslandssjóðum og Íslandsbanka og tveir fyrstu fjárfestarnir sem komu að því verkefni voru Brad Feld og Brad Burnham. Þetta eru stórir áhættufjárfestar og þeir hafa einnig samþykkt að koma að sjóðnum sem ráðgjafar. Þeir eru að veðja á að það verði meiri verðmætasköpun á Íslandi.“

Hefur þú orðið við að það vanti verk- og tæknifræðimenntað fólk hérna?

„Þetta er vandamál eggins og hænunnar. Ef við sköpum fleiri verðmæt fyrirtæki hér þá vilja hæfileikaríkir verkfræðingar vinna hjá þeim. Það eru líka margir í þessum greinum að útskrifast úr Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands og margir þeirra eru gríðarlega hæfileikaríkir. Við verðum bara að finna hæfileikum þeirra farveg. (...) Eina leiðin til þess er að búa til ný fyrirtæki eins og GreenCloud, CCP, Guide To Iceland, Data Market, Meniga og Clara.“

Ættu íslensku lífeyrissjóðirnir að fjárfesta í auknum mæli í sprotafyrirtækjum í stað þess að blása upp verðbólgu í Kauphöllinni innan hafta?

„Lífeyrissjóðir ættu að hafa langtíamarkmið að baki fjárfestingu. Taka lengri tíma í raunverulega verðmætasköpun. Ef við skoðum stærri markaði eins og Bandaríkin, Bretland og jafnvel Noreg, þá hafa þessi samfélög sett mjög stóran hluta fjárfestingar í sprota og stór hluti kemur frá lífeyrissjóðum.“

Undirbýr byggingu 5 stjörnu hótels

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins og nýr formaður SAF, er vongóður um að framkvæmdir við nýtt fimm stjörnu hótél við lónið hefjist í haust. Hann lærði læknisfræði en endaði á að fara út í eigin atvinnurekstur.

SVIPMYND

HARALDUR GUÐMUNDSSON | HARALDUR@FRETTLABLAÐID.IS

„Við erum nú á fullu við að undirbúa sumarvertíðina og framkvæmdirnar sem munu hefjast í haust þar sem við ætlum að stækka upplifunarsvæði lónsins og byggja fimm stjörnu lúxushótél,“ segir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins og nýr formaður Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

Hann hefur ásamt öðrum starfsmönnum fyrirtækisins unnið að undirbúningi verkefnisins í þrjú ár. Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á hönnun og annan undirbúning framkvæmdanna.

„Við munum taka fjárfestingarákvörðunina á stjórnarfundum í ágúst en þetta eru framkvæmdir upp á fimm milljarða króna. Þetta er komið á þann stað að það þarf mikið að ganga á til að verkefnið fari ekki af stað,“ segir Grímur. Hann stofnaði Bláa Lónið ásamt fleirum árið 1992. Síðan þá hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri og síðar forstjóri fyrirtækisins og á þeim tíma hefur gengið á ýmsu.

„Við höfum bæði notið uppgangs og velgengni og farið í gegnum erfiðleika og það sem stendur upp úr var þegar mönnum tókst að vinna úr erfiðri stöðu og koma sterkari út úr henni.“

Grímur hefur setið í stjórn Samtaka atvinnulífsins síðastliðin tíu ár og í síðasta mánuði var hann kjörinn formaður SAF.

„Það er mjög spennandi verkefni því það er gríðarlegur vöxtur í greininni og mörg krefjandi verkefni fram undan. Við erum nú að undirbúa mikilvægan félagsfund sem verður haldinn á miðvikudaginn [í dag] þar sem fjallað verður um valkosti í gjaldtöku af ferðamönnum til fjármögnunar uppbyggingar ferðamannastaða,“ segir Grímur.

Hann er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík. Hann útskrifaðist úr læknanámi í Háskóla Íslands árið 1981 og starfaði sem heimilislæknir í Reykjavík til ársins 1990.

„Það blundaði alltaf í mér löngun til að fara út í eigin atvinnurekstur. Minn upphaflegi áhugi á Bláa Lóninu tengdist lækningarmætti lónsins við psoriasis og hann gerði það að verkum að ég fór að skoða möguleikann á að þróa þar heilsutengda starfsemi.“

Grímur varð bæði Íslands- og bikarmeistari í knattspyrnu með meistaraflokki Vals og hann var formaður íþróttafélagsins árin 2002-2009.

„Ég er einnig búinn að stunda hestamennsku í 15 ár. Ég fer alltaf með vínahópnum í hestiferð á hverju sumri og það á að ríða norður í Húnavatnssýslur í ár. Svo fer ég í lax með bræðrum mínum, vinum og sonum á hverju sumri og svo slær maður golfbolta þess á milli með frúnni og félögum. Þannig að það er nóg að gera.“



Í HESTHÚSINU Grímur er mikill hestamaður og ætlar að ríða norður í Húnavatnssýslur í sumar.
FRETTLABLAÐID/GVA

Frumkvöðull og góður fyrirlíði



„Grímur er frumkvöðull með skýra framtíðarsýn og keppnisáskap. Hann er mjög talnaglöggur og keyrir okkur oft í kaf þegar hann þylur upp tölur úr rekstrinum. Sem betur fer, fyrir okkur sem störfum með honum, er Grímur einn af þeim fágætum frumkvöðlum sem er óhræddur við að sleppa hendinni af „barninu“ sínu því hann treystir og stendur með sínu fólki. Það er eins og að hann hafi aldrei skilað fyrirlíðabandinu hjá Val á sínum tíma því hann er ómetanlegur fyrirlíði í því þetta teymi sem hann hefur byggt upp hérna hjá Bláa Lóninu.“

Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa Lónsins.



„Leiðir okkar Gríms lágu fyrst saman í Menntaskólanum í Reykjavík, þar sem við vorum bekkjarfélagar öll fjögur árin. Vínskapur okkar á sér ekki rætur úr daglegum störfum, við erum þar ekki á sama vettvangi. Hins vegar meðal annars í gegnum samstarf okkar í Val eru mér ljósir þeir leiðtogahæfileikar og framsýni sem maðurinn býr yfir þótt á stundum örlí á hvatvísi. Það má segja um Grím einn og sagt hefur verið um íslenska sjómenn að hann er þrautgóður á raunastund. Sá árangur og sú framþróun sem Bláa Lónið hefur náð er vitnisburður um þessa eiginleika pilsins þótt væntanlega komi þar að góður samheldinn hópur, en í öllum góðum liðum er góður fyrirlíði.“

Sigurður Lárus Hólm, framkvæmdastjóri Vatnaskila.



Helgi Björns

& reiðmenn vindanna



ELDBORG

16. JÚNÍ

SÉRSTAKIR
GESTIR:
HILMIR
SNÆR
JÓI SIG
ÖRN ARNA

*Áðeins
einir
tónleikar!*

MÍÐASALA ER HAFIN.

MIDI.IS

HARPA.IS

Finndu orðin:

AUÐVELT
ÓKEYPIS

A A A A A A A A A A A A A A A
A A A A A A A A A A A A A A A
A A A A A A A A A A S A A A A A
A A A A A A A A A A A A A A A
A A A A A A A A U A A A A A A A
A A A A A A A A Ð A A A A A A A
A A A A A A A A V A A A A A A A
A A A A A A Ó K E Y P I S A A A
A A A A A A A A L A A A A A A A
A A A A A A A A T A A A A A A A
A A A A A A A A A A A A A A A A
A A A A A A A A A A A A A A A A
A A A A A A A A A A A A A A A A
A A A A A A A A A A A A A A A A
A A A A A A A A A A A A A A A A

Vandræðalaus viðskipti

Mynta er nútímalegt innheimtukerfi fyrir fyrirtækið þitt. Mynta býður kröfuhöfum upp á fruminnheimtu, milliinnheimtu, löginnheimtu og kröfuvakt. Öll umsjón með þinni innheimtu er á einum stað og allt ferlið er fyrirtækinu þínu að kostnaðarlausu!

Við viljum að þín viðskipti verði vandræðalaus.

www.mynta.is
Sími 569 2000

mynta

Innheimtulausn fyrir
framsækin fyrirtæki

Það stýttist í kosningar og því nauðsynlegt að rifja upp fortíðina:

Afleiðingar misgáfu- legra ákvarðana

Blaðamenn fá stundum símtöl og tölvupóst frá lesendum sem vilja minna á menn og mál sem tengjast hruninu og afleiðingum þess. Í sumum tilvikum eru þetta fínar ábendingar um athyglisverða vinkla á málum.

Fyrir nokkrum dögum hringdi maður inn á fréttastofuna í þeim tilgangi að benda blaðamanni á ýmislegt sem tengist umfjöllun fjölmiðla um mál tengd hruninu. Þar var af nógu að taka enda maðurinn á þeirri skoðun að íslenskir fjölmiðlar hefðu með öllu gleymt óráðsú og vitleysigangi góðærisáranna og hann nefndi í því samhengi bæði núverandi og fyrrverandi stjórnendur fyrirtækja og stjórn-málamenn. Við vorum ekki alveg sammála um þá fullyrðingu þótt við sæjum báðir nauðsyn þess að rifja upp fortíðina.



Markaðshornið

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

**Sandgerðis-
bær skuldaði
sem dæmi 388
prósent af árs-
tekjum sínum
árið 2011 og
Reykjanesbær
rekur nokkrar
hafnir í sveitar-
félaginu sem
nú skulda 7,3
milljarða króna
– rúma hálfa
milljón króna á
hvern íbúa.**

Símtalið var enn önnur áminning um hvernig ákvarðanir stjórnenda einkafyrirtækja, stjórn-málamanna og annarra á árunum fyrir hrun hafa áhrif á líf okkar nú tæpum sex árum síðar. Þar sem stutt er í sveitarstjórnarkosningar minnti það einnig á ýmsar misgáfulegar ákvarðanir stjórnenda sveitarfélaga á árunum fyrir og eftir hrun.

Í ársskýrslu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga fyrir árið 2012 kom fram að 39 sveitarfélög stóðust ekki fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga miðað við ársreikninga 2011. Skýrsla Íslandsbanka um stöðu íslenskra sveitarfélaga frá því í fyrria sýndi að 28 prósent þeirra stóðu ekki undir skuldbindingum sínum miðað við skulda- og tekjustöðu. Sandgerðisbær skuldaði sem dæmi 388 prósent af árstekjum sínum árið 2011 og Reykjanesbær rekur nokkrar hafnir í sveitarfélaginu sem nú skulda 7,3 milljarða króna – rúma hálfa milljón króna á hvern íbúa. Íbúar Vallahverfisins í Hafnarfirði keyra á hverjum degi fram hjá innisundlaug sem er sögð hafa farið rúman einn og hálfan milljarð fram úr áætlun og við vitum öll hvernig Álftanes drukkn-
aði í sinni sundlaug. Dæmin eru miklu fleiri og þau má finna um allt land.

Erfið skuldastaða margra sveitarfélaga mun hafa áhrif á lífskjör íbúa þeirra á næstu árum og jafnvel áratugum. Framtíðin er þó að vissu leyti óráðin og laugardaginn eftir viku verður hún enn og aftur í okkar höndum. Því er nauðsynlegt að rifja upp fortíðina og afleiðingar misgáfu-
legra ákvarðana.

Alþjóðlega flugsýningin í Berlín opnuð í gær




Yfir 1.200 framleiðendur frá 40 löndum taka nú þátt í alþjóðlegu flugsýningunni ILA í Berlín sem stendur yfir til 25. maí næstkomandi. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, opnaði sýninguna við hátíðlega athöfn í gær. Þar mátti meðal annars sjá ómannaða dróna sem voru sérstaklega þróaðir fyrir þýska herinn. Skipuleggjendur sýningarinnar gera ráð fyrir um 200 þúsund gestum á næstu dögum.

GERUM BETUR Í VERÐI OG VERKI

Þú sérð árangur 30 ára þjónustu við atvinnulífið. Þú finnur að áhersla á fagmennsku, gæði og gagnkvæmt traust eru grunnur að farsælu orðspori. Þú upplifir svansvottaða þjónustu öflugt fyrirtækis.

HAFÐU SAMBAND OG
LEITAÐU TILBOÐA
FYRIR FYRIRTÆKIÐ ÞITT

Sími 554 6088 / www.hreint.is



6th
sense[®]
FreshControl

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE



HÉR ER ÍSSKÁPUR MEÐ HÁPRÓAÐRI NÆMNI FYRIR LANGVARANDI FERSKLEIKA

Nýji 6th SENSE ísskápurninn með Fresh Control tækninni laðar fram hinn sanna keim ferskleikans. Þökk sé sérstökum skynjum sem eru mjög virkir í að stýra hita- og rakastiginu, varðveitist útlit, áferð og bragð matarins allt að fjórum sinnum lengur. Ennfremur er sérstakt hólf fyrir kjöt og fisk sem tryggir stöðugt hitastig við 0°C - til að viðhalda næringargildinu, ferskleikanum og bragðinu óbreyttu.

Whirlpool



Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

MENNING

Rýmum fyrir nýjum vörum Reykjavík & Akureyri

Sendum frítt
úr vefverslun
lindesign.is

Allt að 50%
afsláttur af
völdum vörum



Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 5332220



GUÐRÚN LILJA GUNNLAUGSDÓTTIR OG EMBLA VIGFÚSDÓTTIR „Við vitum ekkert hvað kemur út úr þessu á endanum heldur er þetta bara frábært fagfólk að vinna saman í vinnustofu.“

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Áhersla á hið skapandi ferli

Í þínar hendur – þrívíð sköpun og tækni nefnist opin vinnustofa sem starfrækt verður í Gallerí Sparki á Listahátíð eða frá 22. maí til 5. júní.

Listahátíð er sett á fimmtudaginn og þá byrjum við að vinna í lifandi vinnustofu og verðum að vinna næstu tvær vikur,“ segir Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hönnuður, sem er forspraki og sýningarstjóri sýningarinnar Í þínar hendur – þrívíð sköpun og tækni sem hefst í Gallerí Sparki á morgun. „Fólk getur svo komið inn af götunni, gengið um og séð hvernig svona skapandi ferli verður til. Í lok hvers dags munum við síðan þrívíddarprenta það sem orðið hefur til þann daginn.“

Guðrún Lilja hefur sett saman þverfaglegt hönnunarteymi í hönnunargalleríinu Sparki við Klapparstíg. Þar verður unnið með þrívíða prentun og kannað hvaða möguleikar fylgja slíkri tækni. Að verkefninu standa Ólafur Ómarsson, vöruhönnuður og tölvunarfræðingur, Embla Vigfúsdóttir leikjahönnuður, Jón

Helgi Hólmgeirsson vöruhönnuður, myndlistarmennirnir Kolbeinn Hugi Höskuldsson og Ragnar Már Nikulásson, auk tveggja nema í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands, þeirra Elsu Dagnýjar Ásgeirsdóttur og Auðar Inez Sellgren.

„Það verður mikið um tilraunir og þróanir og það er ferlið sjálft sem áherslan er á,“ segir Guðrún Lilja. „Við vitum ekkert hvað kemur út úr þessu á endanum heldur er þetta bara frábært fagfólk að vinna saman í vinnustofu. Þann 5. júní verður síðan lokahóf þar sem afraksturinn verður tekinn saman.“

Verkefnið er samstarfsverkefni Studiobility ehf., Listahátíðar í Reykjavík og Hönnunarsjóðs Auroru og Spark er opið virka daga frá klukkan 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16.

fridrikab@frettabladid.is

Tilefnislaus dagdrykkja

BÆKUR ★★★★★

20 tilefni til dagdrykkju

Tobba Marínós

FORLAGIÐ

20 tilefni til dagdrykkju er þriðja bók Tobbu Marínós. Bókin er einhvers konar ævisaga og segir frá uppvexti Tobbu, minningum af æskuheimilinu í Kópavogi, ferlinum í blaðamennsku og röð misheppnaðra sambanda, svo nokkuð sé nefnt. Þá fjallar seinni hlutinn að miklu leyti um kokteila, tengslamyndun, Ólstofu og þjóðþekktu karlmenn.

Bókin kann að vera áhugaverð fyrir þá sem þekkja Tobbu, en fyrir þau okkar sem aðeins þekkja hana úr fréttum fjölmiðla er bókin hvorki fugl né fiskur. Líf Tobbu er einfaldlega ekki í frásögu færandi því að söguhetjan vinnur fátt annað sér til afreka en að vaxa úr grasi og vera gamansöm. Sennilega er sögunni ætlað að vera í einhverjum skilningi þroskasaga en í hana vantar öll átök og lesandinn fær á tilfinninguna að Tobba ritskoði sjálfa sig hressilega. Á einhvern hátt minnir textinn á gamansamar færslur í gestabók-

um í sumarbústöðum, hálfkveðnar vísur um það sem fram fór.

Hitt er svo annað mál að Tobba er ágætlega ritfær, kemst oft skemmtilega að orði og vill öllum í borginni vel. Meinið er bara það að það vantar tíðindin í þessa sögu og þar vegur

þyngst að Tobbu tekst aldrei að setja sig í spor þess barns og þess unglings sem hún eitt sinn var, sýna okkur inn í huga sjálfrar sín á æskuárum. Hún horfir á sjálfa sig úr fjarska, án þess að gerast nokkurn tíma nærgöngul, og því stendur fátt eftir nema frekar almenn frásögn af ævi millistíttarstúlku úr Kópavogi.

Víst á Tobba Marínós skemmtilega spretti í frásögn og stíl í þessari bók sinni og vera má að hún skemmti

ýmsum. En hún geldur fyrir tíðindaleysið, það er lítið kjöt á beinum í þessari ævisögu. Ekki efast ég um að gaman geti verið að sitja að dagdrykkju með Tobbu en að lesa um hana er öllu síðra.

Ólöf Skaftadóttir

NIÐURSTAÐA: Bókin kann að vera áhugaverð fyrir þá sem þekkja Tobbu, en fyrir þau okkar sem aðeins þekkja hana úr fréttum fjölmiðla er bókin hvorki fugl né fiskur.

PANTAÐU BIÐPÓST FYRIR SUMARFRÍIÐ!

Með biðpósti sleppurðu við að pósturinn hlaðist upp heima hjá þér meðan þú ert í fríi.

Pantaðu biðpóst á www.postur.is eða á næsta pósthúsi og þú velur hvar pósturinn þinn bíður eftir þér.

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA www.postur.is

POSTURINN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-1548

Sér landið sem ómálaðan striga

Hildur Bjarnadóttir opnar sýningu á morgun klukkan sex í Hverfisgallerí.

Hildur Bjarnadóttir myndlistarmaður opnar sýningu í Hverfisgallerí á morgun klukkan 18. Sýningin heitir Kortlagning lands og þar verða til sýnis ný verk eftir Hildi.

„Ég er að kortleggja mjög ákveðið land, nánar tiltekið tveggja hektara landsspildu fyrir austan sem ég er nýbúin að eignast. Landið hefur mikla merkingu fyrir mig og á því hefur ekkert verið byggt eða ræktað. Það er mótað af náttúruöflum og dýralífi. Ég sé þetta fyrir mér eins og ómálaðan striga,“ segir Hildur um sýninguna, en hún hyggst byggja sína framtíð á umræddri landspildu.

„Ég nota plöntur almennt í minni myndlist og hér er engin breyting á. Plöntur taka upp og endurspeglar þann stað sem þær koma frá. Bæði taka þær umhverfið inn bókstaflega, í gegnum ræturnar og í loftinu í gegnum blöðin og blómin. En plöntur taka líka í sig fólk og menningu og staðinn, sem er ef til vill á huglægari nótum,“ segir Hildur og bætir við. „Þannig að ég nota plöntur mikið sem tengingu við staði og fólk. Þessar plöntur eru ekki hvaða plöntur sem er heldur hafa tenginguna við landið.“

Hildur vinnur svo úr plöntunum liti og litar ullarþræði og silki, auk þess sem hún notar hörþræð sem hún hefur litað með hefðbundinni akrílmálningu. Svo vefur hún



LIÐUR Í LISTAHÁTIÐ Sýning Hildar heitir Kortlagning lands.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Ég nota plöntur almennt í minni myndlist og hér er engin breyting á.“

saman þræðina og blandar þannig saman tveimur mjög ólíkum heimum. „Mín rannsókn í gegnum þetta er að akríl er manngert og dautt efni en inniheldur alla liti,

en plöntuheimurinn er andstæðan og inniheldur takmarkaða litapall-ettu en inniheldur að sama skapi bókstaflega staðinn sem þær koma frá og hafa allt aðra dýpt og merkingu,“ segir Hildur að lokum og bætir við að þessar tvær andstæður, náttúrulegu litirnir og gervilitirnir, dragi fram einkenni hverjir annars. Hildur dregur fram plönturnar í forgrunn á sýningunni með því að nefna verkin eftir þeim. Sýningin er liður í dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

olof@frettabladid.is



HIMNASTIGATRÍÓIÐ Sigurður Flosason, Eyþór Gunnarsson og Lennart Ginman heiðra Billie Holiday í kvöld.

Himnastigatríóið snýr aftur eftir langt hlé

Himnastigatríó Sigurðar Flosasonar heldur tónleika til heiðurs Billie Holiday, sem hefði orðið 99 ára í ár.

Tríó saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar, Himnastigatríóið, heldur tónleika í Hannesarholti í kvöld klukkan 20.30. Tónleikarnir eru tileinkaðir söngkonunni Billie Holiday en hún hefði orðið 99 ára þann 7. apríl síðastliðinn. Á efnisskrá verða lög sem Billie hljóðritaði og tengjast henni sterklega.

Tríóið skipa, auk Sigurðar, þeir Eyþór Gunnarsson á píanó og danski kontrabassaleikarinn Lennart Ginman, en hann kemur hingað til lands sérstaklega vegna þessara tónleika. Tríóið er stundum kennt við sinn fyrsta disk, Himnastigann, sem kom út árið 1999 og fékk frábæra dóma. Tveimur árum síðar kom annar diskur, Djúpið, sem hlaut einnig mjög góðar viðtökur.

Himnastigatríóið snýr nú aftur

eftir langt hlé og einbeitir sér, nú sem fyrr, að túlkun klassískra djassstandarda með áherslu á lífandi og ljóðrænt samspil. Þess má geta að Sigurður Flosason var kjörinn djassleikari ársins á íslensku tónlistarverðlaununum í febrúar sem leið og Eyþór Gunnarsson hlaut, ásamt félögum sínum í Mezzoforte, heiðursverðlaun íslensku tónlistarverðlaunanna. Lennart Ginman er einn af fremstu kontrabassaleikurum Dana, bæði vel þekktur og virtur í dönsku djasslífi.

Billie Holiday er í hópi áhrifamestu söngkvæna djassins. og flutti bæði klassíska standarda og eins lög sem samin voru sérstaklega fyrir hana. Tríóið mun á tónleikumum í kvöld flytja blöndu af hvoru tveggja.

-fb

citroen.is

BETRI REKSTUR OG AUKIN ÞÆGINDI

• 3,3 M³- 4,1 M³ HLEÐSLURÝMI • 850 KG BURÐARGETA • 3JA MANNA • SPARNEYTINN •

CITROËN BERLINGO VAN 1,6 HDi 90 hö dísil

VERÐ FRÁ: 2.990.000 KR. MEÐ VSK

VERÐ FRÁ: 2.382.470 KR. ÁN VSK

LÆKKAD VERÐ

KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Frábær vinnuástaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.



Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



66°NORÐUR innkallar barnafatnað til að framfylgja Evrópustaðli um öryggi fatnaðar

Í kjölfar ábendingar Neytendastofu um of langar reimar og bönd á neðangreindum flíkum, viljum við gera nauðsynlegar lagfæringar á saumastofu okkar í Garðabæ, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Hér má sjá þær vörur sem um ræðir og upplýsingar um lagfæringar. Nánari upplýsingar á 66north.is/innkollun.



Bragi parka – á við um alla liti.

Hetta:
Fjarlægja þarf reim úr hettu upp í stærð 128. Reim stytta í stærðum 140-164.



Mitti:
Stytta þarf reim í mitti. Endar mega ekki vera lengri en 14 sm.



Faldur:
Reim má ekki ná niður fyrir fald.





Magni hettupeysa – á við um alla liti.
Hetta: Fjarlægja þarf reim úr hettunni.



Bifröst hettupeysa – á við um alla liti.
Hetta: Fjarlægja þarf reim úr hettunni.



Rán léttur jakki – á við um alla liti.
Hetta: Fjarlægja þarf reim úr hettunni í jökkum upp í stærð 128. Stærðir 140 og stærri eru í lagi. Nóg að skila inn hettunni.



Pór hettupeysa – á við um alla liti.
Hetta: Fjarlægja þarf reim úr hettunni.



Bifröst buxur – á við um alla liti.
Mitti: Styttu þarf reim í mitti. Endar mega ekki vera lengri en 14 sm.



Rán dúnúlpa – á við um alla liti.
Hetta: Fjarlægja þarf reim úr hettu. Faldur: Fjarlægja þarf reim úr faldi. Reim má ekki ná niður fyrir fald.

Breytingar verða gerðar á saumastofu 66°NORÐUR í Miðhrauni 11, Garðabæ.

Hægt er að skila inn vörunum til okkar með eftirfarandi hætti:

- Í verslunum 66°NORÐUR.
- Senda flíkina í pósti með útfylltu eyðublaði sem finna má á 66north.is/innkollun.

(Sendingin skal vera merkt „BT/Saumastofa”).
66°NORÐUR greiðir pósthagjöld.

66°NORÐUR
Miðhraun 11
210 Garðabær



Leður í sól og sumaryl

Leður fer aldrei úr tísku. Það vita frægustu konur heims sem hafa sést spóka sig í alls kyns leðurflíkum þó sólin skíni hátt á himni. Leðrið passar við alls kyns tilefni, hvort sem það er kvöldstund með góðum vinum eða á rauða dreglinum eins og meðfylgjandi myndir sýna og sanna.



DREGILSLEÐUR
Cameron Diaz var í leðurkjól frá The Row á frumsýningu myndarinnar The Other Woman í London.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



FRUMSÝNINGAR-LEÐUR Leikkonan Emma Stone mætti í þessum kjól frá Lanvin þegar kvikmyndin The Amazing Spider-Man 2 var frumsýnd í Frakklandi.



PARTÍLEÐUR
Fyrirsætan Cara Delevingne bauð upp á bert á milli og leðurbuxur í teiti í London.



ADDÁENDA-LEÐUR Leikkonan Shailene Woodley mætti á addáenda-viðburðinn The Fault In Our Stars í Nashville í leðurbuxum frá Barbara Bui.



SPJALLPÁTTALEÐUR Leikkonan Emily VanCamp var í leðurkjól frá Sachin + Babi þegar hún var gestur Jimmy Fallon í The Tonight Show.



VINSÆLIR Fólk vill ilma eins og One Direction.

Sala ilmvatna dregst saman

Snyrtivörurinn Elizabeth Arden tilkynnti fyrir stuttu að sala á ilm-vötnum hefði dregist saman um rúm tuttugu prósent, þá sérstaklega ilmvötn fræga fólksins, til að mynda Justins Bieber og Taylor Swift.

Merkið lætur þó ekki deigan síga en á árinu eru væntanlegir ilmfrá Justin Bieber, Nicki Minaj og Britney Spears.

Ilmir Beyoncé og Britney Spears hafa ekki verið vinsælir upp á síðkastið en ilmur strákasveitarinnar One Direction rýkur út. - lkg

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað líma

FUDGE 

FUDGE **Rakarastofan Klapparstíg**

FUDGE **S: 5513010**

LANDAKOTSSKÓLI

LÍTILL SKÓLI Í VESTURBÆNUM MEÐ TRAUSTA OG METNAÐARFULLA NÁMSKRÁ:

- Lestrarkennsla frá 5 ára bekk og upp úr.
- Enska og franska frá 5 ára bekk og upp úr.
- Fleiri tímar í íslensku og stærðfræði en námskrá kveður á um.
- Ríkulegt framboð list- og verkgreina; dans, leiklist, myndmennt, smíði, textílmennnt, tónmennt.
- Heimspækikennsla og þjálfun í gagnrýninni hugsun.
- Litlir bekkir og öflugt foreldrasamstarf.
- Hollur og góður matur frá Krúsku.

BOÐIÐ ER UPP Á MJÖG ÖFLUGT FRÍSTUNDASTARF AÐ LOKINNI KENNSLU:

- Skipulagt tónlistarnám (fiðla, kór og tónspuni).
- Myndlist í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík.
- Jóga.
- Forritun, hreyfimyndagerð, þrívíddarhönnun/prentun.
- Skák og leiklist.
- Listasmíðjur undir stjórn ýmissa listamanna.
- Hollur og góður síðdegisbiti.
- Útivist og öflug hreyfing.
- Tenging við íþróttastarf.

Hafið samband í síma 510 8200 eða með tölvupósti á landakotsskoli@landakotsskoli.is og komið og skoðið skólann þegar ykkur hentar.

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu skólans www.landakotsskoli.is.

Nokkur pláss eru laus í 5 ára bekk og 2. bekk næsta skólaár.
Umsóknareyðublað á heimasíðu.



FJÖLVARP

Fjölbreytt og skemmtilegt erlent efni í einum risastórum pakka
67 ERLENDAR STÖÐVAR

Fjölvarp Veröld færir þér bíómyndir, íþróttir, fréttir, fræðslu, skemmtipætti, náttúrulefispætti, raunveruleikapætti og margt, margt fleira. Þú færð **1.000 kr. afslátt** á mánuði af Fjölvarpi Veröld ef þú ert með aðra sjónvarpsáskrift hjá 365.

Internet og heimasími fylgir Fjölvarpi Veröld í þrjú ár!

5.990 kr. + 0 kr. | Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Fjölvarpi Veröld. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

www.heimkaup.is

24 tíma tilboð!

EKKI MISSA AF ÞESSU



LG
Sjónvarpstæki 32"

32LN5404

32" FULL HD sjónvarp með gervihnattarmóttakara
100 Hz, HDMI x2, Scart · VGA, Component, USB til að spila myndefni beint af USB lykli eða hörðum disk

34.005,-
afsláttur

Aðeins
5 stk.

6.960,-
á mánuði í 12 mánuði

74.990,-
áður 109.995,-

USB!

Spilaðu beint af minnislykli eða hörðum disk

SJÓNVARPSTÆKI



32"

Panasonic

40.005,-
afsláttur

7.240,-
á mánuði í 12 mánuði

79.990,-
áður 119.995,-

Panasonic
Sjónvarpstæki 32"

TX-L32EM6E

Full háskerpa með HDMI, Component, Composite og Scart tengi. Stílhreint og flott sjónvarp.

Aðeins
10 stk.

APPLE TV 3

Aðeins
50 stk.

Ótrúlegt
verð!

Aðeins
15.790,-
áður 19.990,-

20%
AFSLÁTTUR

Apple TV

Apple TV 3 gerir þér m.a. kleift að streyma efni þráðlaust úr iTunes, iPad, iPhone og iPod touch beint í sjónvarpið

CHROMECAST

Aðeins
40 stk.

Aðeins
7.990,-
áður 12.900,-

40%
AFSLÁTTUR

Google Chromecast

Notaðu sjónvarpið sem tölvuskjá, þú sendir mynd beint úr tölvunni, farsímanum og spjaldtölvunni yfir í sjónvarpið.

www.heimkaup.is



HEIMKAUP

BESTI BITINN



Ég fór í fyrsta skiptið á Sushi Samba fyrir ekki svo löngu, það fannst mér alveg klikkað gott. Annars er ég mikil pitsukona og myndi hafa pitsu frá Eldofninum í jólamatinn ef ég mætti ráða.

Anna Hafþórsdóttir leikkona

Býr til hárgreiðslubók fyrir Disney

Theódóra Mjöll Skúladóttir Jack vinnur nú að nýrri hárgreiðslubók þar sem hún tekur fyrir ellefu Disney-prinsessur og gerir mismunandi hárgreiðslur fyrir hverja og eina en bókin fer á markað í Bandaríkjunum.

„Við erum sem sagt að taka fyrir ellefu Disney-prinsessur og gera þrjár til fjórar greiðslur fyrir hverja prinsessu,“ segir hárgreiðslu- og dagskrágerðakonan Theódóra Mjöll Skúladóttir Jack en hún vinnur að nýrri hárgreiðslubók fyrir Disney.

„Ellen Lofts sér um leikmyndina, fötin og að stílísera stelpurnar, Gassi tekur ljósmyndirnar og ég sé um greiðslurnar,“ segir hún, en í bókinni sjálfri verða bara íslenskar stelpur. „Það er frábært fyrir ungar íslenskar stelpur að taka þátt í svona, þær verða á þúsundum heimila í Bandaríkjunum þegar þetta kemur út,“ segir

Theódóra en Edda útgáfa sér um útgáfu bókarinnar. „Disney-fyrirtækið er víst að taka aðra stefnu og reyna að höfða til eldri stúlknaþóps og við erum svolítið að taka þátt í því með þessu verkefni.“ Hugmyndin er upprunalega sprottin frá fyrri bók hennar, Lokkar, sem kom út fyrir síðustu jól.

„Það verða einhverjar greiðslur úr Lokkum en síðan geri ég nýjar og útfæri þær á þann hátt að þær passi fyrir hverja prinsessu fyrir sig. Það er búið að vera ótrúlega gaman að sjá hvað stelpurnar taka vel í þetta og eru spenntar fyrir að fá að vera Disney-prinsessa í einn dag.“ -bp



HÆFILEIKARÍK
Fyrri bækur
Theodóra
Mjallar, Lokkar
og Hárið, hafa
slegið rækilega í
gegn.

HEILSURÚM Á DORMAVERÐI

KOMDU Í DORMA.
Við aðstoðum þig við
að finna drauma-
rúmið þitt!



NATURE'S REST heilsurúm



Nature's Bedding

VERÐDÆMI
120X200 CM
DORMAVERÐ
79.900
Dýna, botn
og lappir

NATURE'S COMFORT heilsurúm




Nature's Bedding

VERÐDÆMI
160X200 CM
DORMAVERÐ
149.900
Dýna, botn
og lappir

DORMA
– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100



Seldi öll sín verk á fyrstu sýningunni

Hinn sextán ára Úlfur Logason opnaði sína fyrstu myndlistarsýningu í Kartöflugeymslunni á dögnum. Hann seldi öll verkin á fyrstu klukkutímum.

„Ég bjóst alls ekki við svona góðum viðbrögðum en þetta var rosalega skemmtilegt,“ segir hinn sextán ára Úlfur Logason, nemi á listnámsbraut við Verkmenntaskólann á Akureyri, en Úlfur opnaði sína fyrstu myndlistarsýningu í Kartöflugeymslunni fyrir norðan á dögnum. Sýningin fékk frábærar viðtökur og var hann búinn að selja öll verkin á fáeinum klukkustundum. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á myndlist. Afi minn var myndlistarmaður og pabbi minn er arkitekt svo þetta er aðeins í fjölskyldunni,“ segir Úlfur, sem kveðst hafa langmestan áhuga á því að mála myndir af fólki. Spurður að því hvort stefnan sé sett á að vinna við myndlist í framtíðinni svarar Úlfur því játandi. „Mér finnst þetta rosalega gaman svo það er algjörlega planið mitt.“

Alls seldust tólf olíumálverk á sýningunni ásamt nokkrum pennateikningum og því er um ágætis vasapening að ræða fyrir ungan og upprennandi myndlistarmann. Sýningin verður áfram opin út vikuna og fram yfir næstu helgi svo áhugasamir ættu að kíkja inn í Kartöflugeymsluna.

kristjana@frettabladid.is



UPPRENNANDI MYNDLISTARMAÐUR Úlfur Logason vonast til þess að geta unnið sem myndlistarmaður á komandi árum.

Færast í fagaðri og poppaðri átt

Hljómsveitin Grísalappalísa frumsýnir nýtt tónlistarmyndband í Stúdentakjallaranum í kvöld og flytur nýtt efni af væntanlegri plötu beint í kjölfarið.

„Þetta er fyrsta smáskífan af nýju plötunni okkar,“ segir Gunnar Ragnarsson, söngvari hljómsveitarinnar Grísalappalísa sem frumsýnir nýtt tónlistarmyndband við lagið ABC í Stúdentakjallaranum í kvöld. „Myndbandinu leikstýrði hann Sigurður Möller Sívertsen sem hefur verið að sjá um myndböndin okkar ásamt Heimi Gesti, þeir eru svona kombóid,“ segir Gunnar en tvíeykið virðist einn vel saman þar sem tónlistarmyndband við lag hljómsveitarinnar Hver er ég? var valið myndband ársins 2013 á íslensku tónlistarverðlaunahátíðinni. Nýja platan hefur hlotið nafnið Rökrétt framhald og kemur út 17. júní næstkomandi á sjöttíu ára afmæli lýðveldisins. „Við

erum búnir að vera að semja í dálítinn tíma, við tókum hana síðan upp í febrúar,“ segir Gunnar en strákarnir í hljómsveitinni einbeittu sér að því að halda sama sándi og á fyrstu plötunni en Gunnar segir sveitina þó vera að færast í fagaðri, poppaðri átt. „Við tókum mikið af henni upp „live“ og reyndum að minnka almenna vinnslu eins og við gátum,“ segir söngvarinn. „Við vildum halda í það að þetta væri hljómsveitin að spila á sama tíma. Þetta alvöru pönkrokk-element.“ Eins og áður hefur komið fram þá verður tónlistarmyndbandið frumsýnt í Stúdentakjallaranum í kvöld klukkan átta og mun hljómsveitin í kjölfarið stíga á svið og flytja nýtt efni af væntanlegri plötu sinni.

-bp



HALDA PÖNKROKK-ELEMENTINU Strákarnir í Grísalappalísa eru trúir sjálfum sér. MYND/MAGNÚS ANDERSEN

VORÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

LOKADAGAR - LOKADAGAR

42" 3D SNJALLSJÓNVARP

FULLT VERÐ 249.990

TILBOÐ 199.990



AFSL. 50.000

60" LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 449.990

TILBOÐ 299.990

SHARP AFSL. 150.000

42" FULL HD LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 139.990

TILBOÐ 99.990



AFSL. 40.000

46" FULL HD LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 169.990

TILBOÐ 129.990

THOMSON AFSL. 40.000

32" SNJALLSJÓNVARP

FULLT VERÐ 89.990

TILBOÐ 74.990

PHILIPS AFSL. 15.000

55" ULTRA HD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 499.990

TILBOÐ 349.990

THOMSON AFSL. 150.000

MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 55% AFSLÆTTI
Nikon - Olympus - Panasonic

HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI
Philips - JVC - TDK - JBL - AKG

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG
HÁTALARAR OG VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 48% AFSLÆTTI
Yamaha - Philips - JVC - Harman - JBL - AKG

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Harman JBL AKG
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasc

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

UPPLIFÐU ÞITT

**WOW
MOMENT**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Brúðkaup í Bogotá

Leik- og söngkonan **Halla Vilhjálmsdóttir** ætlar að ganga að eiga sinn heittelskaða, Harry Koppel, í Bogotá, höfuðborg Kólumbíu, í desember. Halla er búin að finna brúðarkjólinn en slær ekki slöku við í fjallamenskunni þótt brúðkaup sé í vændum. „Planið er að fara á Elbrus, hæsta tind Evrópu, í ágúst til að bæta fjórða af sjö tindunum við. Þá er ég búin með meirihlutann af þeim,“ segir Halla. Hún náði á topp Vinson Massif á Suðurskautlandi á aðfangadag en áður hafði hún náð á toppinn á Aconcagua í Suður-Ameríku og Kilimanjaro í Afríku.



-lkg

Nýr bæjarstjóri Latabæjar

Íbúar Latabæjar munu sjá nýjan bæjarstjóra spranga um sviðið í haust en **Hannes Óli Ágústsson** hefur tekið hlutverkið að sér. Það er Magnús Ólafsson sem hingað til hefur leikið hlutverkið í íslensku leikhúsi. „Þetta er mjög spennandi. Það er gaman að fá að stíga í spor svona þekkrar persónu. Svo er Magnús náttúrliga legend í bransanum.“

Hannes Óla þekkjá allir sem bestu eftirhermu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Hann segir þó að það sé ekki skref niður á við að fara úr hlutverki forsætisráðherrans í hlutverk bæjarstjórans. „Þetta eru mjög mikilvægar stöður, báðar tvær. Bæjarstjóri Latabæjar er hins vegar miklu þekktari á heimsvísu en forsætisráðherra. Svo að einhverju leyti er þetta skref upp á við.“



-ssb

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 „Djöfull ertu hommalegur maður“
- 2 Umfjöllun, viðtöl, einkunnir og myndir: Valur - Fram 5-3
- 3 Johnny Galecki í Reykjavík
- 4 Umfjöllun, viðtöl, einkunnir og myndir: Víkingur - Fylkir 1-2
- 5 Samfylkingin með sex fulltrúa - Sjálfstæðisflokkurinn aldrei mælst minni

Whirlpool

ÞVOTTAVÉLAR



Heimilistæki ht.is

WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

**BÓKAÐU NÚNA
BORGADU MINNA**

**PARÍS
LONDON
KÖBEN**

EDA

**BERLÍN
Á BETRA VERÐI**

VERÐ FRÁ

9.990 KR.*

* Ferðatímabil: sept – des
Gildir til kl. 12:00 á morgun, fimmtudag.

wowair.is

**WOW
MOMENT**

Alltaf notalegt að skella sér til
Köben í góðra vina hópi!

Eydís Arna Lindal

